

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 7. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 1/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svo hljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 23. janúar 2008 með kvörtun A lögmans, fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 21. sama mánaðar, og beindist kvörtunin að fjármálafyrirtækinu F. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 24. janúar 2008, var kvörtunin send F og fyrirtækinu gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör F bárust með bréfi hans, dagsettu 8. febrúar 2008. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. febrúar 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 13. júní 2008, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá F. Bárust þau með bréfi F, dagsettu 27. júní 2008. Enn var beðið um gögn frá aðilum með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 29. september 2008. Bárust viðbótargögn og upplýsingar rafleiðis frá lögmanni sóknaraðila 15. október 2008 og frá F, 16. október 2008. Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 22. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda fjármálafyrirtækisins F var kröfuréttindum fyrirtækisins ráðstafað til varnaraðila og ákveðið að varnaraðili tæki m.a. við öllum ábyrgðum, sem tengdust kröfum hins fyrrnefnda fyrirtækis, svo og starfsemi þess að því er varðaði þær eignir sem framseldar voru til varnaraðila. Hefur varnaraðili því tekið við aðild málsins varnarmegin.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. maí, 17. september, 16. október, 23. október og 7. nóvember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 11. apríl 2006 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu skuldabréfs sem B gaf út til varnaraðila að fjárhæð kr. 2.300.000. Skuldin var einnig tryggð með veði í fasteign þáverandi eiginmanns og dóttur B. Var andvirði skuldabréfsins að fullu varið til greiðslu eldri skuldbindinga skuldara við varnaraðila. Í ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila kemur fram að honum hafi verið ljóst að skuldari stæðist ekki greiðslumat varnaraðila fyrir ofangreindri upphæð og að samkvæmt

niðurstöðu matsins gæti lán taki ekki greitt af láninu. Þá staðfesti sóknaraðili í yfirlýsingu sinni að hann hefði kynnt sér niðurstöður greiðslumats.

Vanskil urðu á greiðslum af skuldabréfinu og fékkst ekkert upp í kröfu varnaraðila á nauðungarsölu, sem fram fór á nefndri fasteign 6. júní 2007. Hóf varnaraðili þá að innheimta skuldina hjá sóknaraðila á grundvelli áðurgreindrar ábyrgðaryfirlýsingar. Með bréfi, dagsettu 17. september 2007, fór skuldari bréfsins fram á það við varnaraðila að hann afskrifaði skuldina og endurgreiddi sóknaraðila það fé sem hún hafði innt af hendi til varnaraðila. Erindinu var hafnað með rafpósti varnaraðila, dagsettu 28. september 2007.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 21. janúar 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir þær kröfur að varnaraðili leysi hann undan sjálfskuldarábyrgð á veðskuldabréfi að fjárhæð kr. 2.300.000, samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingu, útgefinni 11. apríl 2006, og endurgreiði sóknaraðila þær afborganir, sem hann hefur innt af hendi af láninu sem ábyrgðarmaður.

Sóknaraðili kveðst hafa gerst ábyrgðarmaður á nefndu skuldabréfi í trausti þess að ekki hafi verið þörf greiðslumats þar sem til tryggingar skuldinni væri veð í einbýlishúsi lánatakanda. Hafi sér aldrei verið kynnt neitt greiðslumat, enda aldrei gert og sé því rangt sem greini í ábyrgðaryfirlýsinu sóknaraðila að hann hafi vitað að lán taki stæðist ekki matið. Vísar sóknaraðili í þessum efnunum til 2. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða þar sem mælt sé fyrir um skyldu fjármálafyrirtækja til að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi nemur hærri fjárhæð en kr. 1.000.000.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili hafnar því að ábyrgð sóknaraðila hafi einungis verið til málamynda eins og ráða virðist mega af málatilbúnaði sóknaraðila. Þá kveður varnaraðili sóknaraðila ekki getað borið fyrir sig ákvæði 3. og 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, enda hafi undirritun hans á ábyrgðaryfirlýsingu falið í sér að honum hafi verið ljóst að skuldari stæðist ekki greiðslumat. Hafi sóknaraðili verið upplýstur um greiðslugetu lánatakanda en samt óskað eftir því að gangast í ábyrgð. Telur varnaraðili að einstakir hnökra við lánveitingu geti ekki sjálfkrafa leitt til ógildingar ábyrgðaryfirlýsingar einstaklings.

### V.

#### Niðurstaða.

Ágreiningur aðila í máli þessu lýtur samkvæmt framansögðu að sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila á veðskuldabréfi, sem B gaf út til varnaraðila 11. apríl 2006, að fjárhæð kr. 2.300.000.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, skal meta greiðslugetu greiðanda þegar skuldaábyrgð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Í 3. mgr. 3. gr. samkomulagsins er þó mælt fyrir um þá meginreglu að fjármálafyrirtæki sé skylt að

greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000.

Í ábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila kemur fram að honum sé ljóst að B stæðist ekki greiðslumat fyrir lánsfjárhæðinni og geti samkvæmt matinu ekki greitt af láninu. Staðfestir sóknaraðili að hann hafi kynnt sér niðurstöður greiðslumatsins.

Varnaraðili hefur ekki getað lagt fram greiðslumat það, sem sóknaraðili á að hafa kynnt sér, og verður málatilbúnaður hans ekki skilinn á annan veg en svo að greiðslumatið hafi aldrei farið fram. Verður því við það að miða við afgreiðslu málsins. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. nefnds samkomulags var varnaraðila skylt að meta greiðslugetu B. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram og þar með hvort sóknaraðili hefði eftir sem áður gengist í ábyrgð fyrir B eftir að hafa kynnt sér matið. Getur varnaraðili ekki borið fyrir sig þá yfirlýsingu sóknaraðila að hann hafi kynnt sér niðurstöðu greiðslumats, sem aldrei var framkvæmt, og stæðist ekki þá niðurstöðu.

Eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni eru því ekki efni til annars en að ógilda ábyrgð sóknaraðila á nefndu skuldabréfi. Verður varnaraðila þá jafnframt gert að endurgreiða sóknaraðila þá fjárhæð, sem hann hefur greitt á grundvelli ábyrgðar sinnar. Varnaraðili hefur viðurkennt að sóknaraðili hafi greitt honum kr. 605.882 vegna þessa. Sóknaraðili telur sig hins vegar hafa greitt kr. 611.078, en hefur ekki lagt fram fullnægjandi gögn því til stuðnings. Verður varnaraðila því gert að greiða sóknaraðila kr. 605.882.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, M, á skuldabréfi að fjárhæð kr. 2.300.000, útgefnu af B, til F fjárfestingafyrirtækis, 11. apríl 2006 er ógild.

Varnaraðili greiði sóknaraðila kr. 605.882.

Reykjavík, 7. nóvember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

### Sérálit

#### Grétars Grétarssonar og Gunnars Viðar

Við erum ósammála öðrum nefndarmönnum um niðurstöðu málsins. Af gögnum málsins verður ráðið að sóknaraðili hafi staðfest að sér væri ljóst að skuldari að nefndu skuldabréfi, sem er dóttir sóknaraðila, gæti ekki greitt af láninu. Var sóknaraðila þetta því fullljóst þegar hún gekkst í umrædda sjálfskuldarábyrgð. Þá er þess og að geta að sóknaraðili hefur athugasemdarlaust greitt inn á lánið og þannig viðurkennt ábyrgð sína á greiðslu skuldarinnar. Þegar svo háttar til er að okkar mati ekki hægt að fallast á að sóknaraðili geti borið fyrir sig að hafa ekki lesið eða skilið þá yfirlýsingu sem hann hafði áður gefið út. Samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eru að okkar mati verklagsreglur en ekki formreglur. Það verður því að

meta málsatvik hverju sinni eftir efni en ekki formi. Atvik máls þessa gefa að okkar álitu ekki tilefni til að ógilda ábyrgð sóknaraðila.

Með vísan til framanritaðs teljum við að hafna beri kröfum sóknaraðila og hendur varnaraðila.

Reykjavík, 7. nóvember 2008.

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 13. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 2/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. janúar 2008 með kvörtun **A**, hdl, fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 18. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. janúar 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. febrúar 2008. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. febrúar 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdam sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 22. febrúar 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. maí og 13. júní 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 23. júlí 1998 gaf **B**, út skuldabréf nr. **C**, til varnaraðila að höfuðstóli kr. 1.280.000. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu lánsins var varnaraðila sett að veði með 3. veðrétti íbúð sóknaraðila að **D**, Samþykkti sóknaraðili veðsetninguna með undirritun sinni á skuldabréfið. Vanskil urðu af greiðslu skuldabréfsins og hafa sóknaraðila verið send innheimtubríf og greiðsluáskoranir allt frá árinu 2002.

Lögmaður sóknaraðila óskaði með bréfi til varnaraðila, dagsettu 5. janúar 2007, eftir upplýsingum um það hvort skuldari umrædds skuldabréfs hefði verið greislumetinn og hvort veðsala hefði verið kynnt það greiðslumat í samræmi við þágildandi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsett 27. janúar 1998. Með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 13. mars 2007, var staðfest að greiðslugeta **B**, hefði ekki verið metin. Með rafpósti, dagsettum 29. júní 2007, óskaði lögmaður sóknaraðila eftir því að sóknaraðili yrði sem veðsali leystur undan ábyrgð sinni. Því var hafnað með bréfi lögmanns varnaraðila, dagsettu 17. ágúst 2007.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 18. janúar 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að veðskuldabréfi nr. **C**, útgefnu til varnaraðila 23. júlí 1998, að höfuðstóli kr. 1.280.000, verði létt af fasteign sóknaraðila að **D**, í Reykjavík.

Sóknaraðili kveður greiðslugetu áður nefndrar **B**, ekki hafa verið metna áður en hún tók umrætt skuldabréfalán hjá varnaraðila. Þá hafi sóknaraðila ekki verið kynnt fjárhagsstaða lántakanda. Hafi þetta verið í andstöðu við 3. gr. þágildandi samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður óumdeilt að skuldari að umræddu skuldabréfi hafi ekki verið greiðslumetinn og hafi þar verið um mistök varnaraðila að ræða. Varnaraðili bendir hins vegar á að í veðsetningunni felist skuldbinding sem ekki verið felld niður nema lagaheimild standi til slíks. Þágildandi samkomulag um notkun sjálfskuldarábyrgða sé ekki slík lagaheimild, heldur verði að horfa til 36. gr. samningalaga nr. 7, 1936 þegar lagt sé mat á hvort fella eigi skuldbindinguna niður.

Varnaraðili telur nauðsynlegt að líta til þess að um fjölskyldulán (sic) hafi verið að ræða þar sem skuldari bréfsins hafi verið unnusta sonar sóknaraðila, en sá hinn sami hafi verið vottur þegar ritað var undir bréfið. Hafi sonur sóknaraðila séð um að greiða af skuldinni frá því að fyrst urðu vanskil á bréfinu. Hefði sóknaraðila því mátt vera fullljóst hver fjárhagsstaða skuldara hafi verið á þeim tíma.

Varnaraðili vísar ennfremur til þess að tæplega áratugur hafi liðið frá töku lánsins þar til sóknaraðili hafi óskað eftir því að verða leystur undan ábyrgð sinni. Kveður varnaraðili rúm fjögur ár hafa liðið frá því að lán var tekið þar til vanskil verða á greiðslu þess, sem bendi til þess að ekkert hafi verið athugunarvert við fjárhagsstöðu skuldara þá er lánið var tekið. Þá bendir varnaraðili á að sóknaraðila hafi sem veðsala margsinnis frá 2002 verið send innheimtubréf og greiðsluáskoranir. Sé því ljóst að réttur sóknaraðila til að losna undan samningsskuldbindingu sinni hafi glatast með margra ára aðgerðarleysi, hafi sá réttur einhvern tíma verið fyrir hendi.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Sóknaraðili samþykkti 23. júlí 1998 að íbúð hennar að **D**, yrði sett að veði til tryggingar skilvísunum greiðslum láns samkvæmt skuldabréfi nr. **C**, að höfuðstóli kr. 1.280.000, sem **B**, gaf út til sóknaraðila. Ágreiningslaust er að greiðslugeta **B**, var ekki metin áður en sóknaraðili veitti heimild til að veðsetja íbúð sína.

Í 1. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun sjálfskuldarábyrgða, dagsetts 27. janúar 1998 var mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki bæri að meta greiðslugetu greiðanda væri sjálfskuldarábyrgð sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu og ábyrgðarmaður óskaði eftir slíku mati. Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. var fjármálafyrirtæki þó skylt að greiðslumeta greiðanda þegar óskað var sjálfskuldarábyrgðar til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, sem næmi meira en kr. 1.000.000. Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. tók samkomulagið til þess er einstaklingur gaf út leyfi til að veðsetja fasteign sína til tryggingar skuldum annars einstaklings. Samkvæmt 5. mgr. 9. gr. skyldi samkomulagið taka gildi frá og með 1. maí 1998, nema lokamálsliður 3. gr. sem ekki skyldi öðlast gildi fyrr en fjármálafyrirtæki hefðu komið á fót kerfi þar sem upplýsingum um fjárhagsmálefni yrði miðlað að fengnu samþykki viðskiptamanns, sem nánar var fjallað um í 4. mgr. 9. gr. samkomulagsins. Þó skyldi umræddur málsliður taka gildi eigi síðar en 1. desember 1998. Í 4. mgr. 3. gr. samkomulagsins var mælt fyrir um að tryggt skyldi að ábyrgðarmaður gæti kynnt sér greiðslumat áður en hann gengist í ábyrgðina, enda lægi fyrir að greiðandi hefði samþykkt slíkt.

Þá var í 2. málsli. 4. mgr., sem jafnframt var lokamálsliður 3. gr., mælt fyrir um að fjármálafyrirtæki bæri að upplýsa ábyrgðarmann ef niðurstaða greiðslumats benti til að greiðandi gæti ekki efnt skuldbindingar sínar.

Af framansögðu verður ráðið að ágreiningslaust sé milli aðila að varnaraðila hafi borið að meta greiðslugetu skuldara áður en sóknaraðili heimilaði veðsetningu íbúðar sinnar. Slíkt greiðslumat var ekki framkvæmt og verður varnaraðili að bera allan halla þar af, þ.á m. að engar upplýsingar hafi legið fyrir um greiðslugetu skuldara á þeim tíma sem sóknaraðili heimilaði veðsetninguna. Meint fjölskyldutengsl skuldara við sóknaraðila á umræddum tíma geta engu breytt um fortakslausa skyldu sóknaraðila. Þá getur varnaraðili eins og á stendur ekki unnið betri rétt gagnvart sóknaraðila við það eitt að langur tími sé liðinn frá veðsetningunni eða að honum hafi um nokkurt skeið verið kunnugt um vanskil á láni því sem tryggt er með umræddu veði.

Með vísan til framanritaðs og að öðru leyti til 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda lögerninga nr. 7, 1936 verður að fallast á að ógilda beri umrædda veðsetningu. Ber varnaraðila því að leysa eign sóknaraðila undan veðböndum samkvæmt áður nefndu skuldabréfi.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Veðsetning íbúðar sóknaraðila, **M**, til tryggingar greiðslu skuldar **B**, samkvæmt skuldabréfi nr. **C**, að höfuðstóli kr. 1.280.000, útgefnu 23. júlí 1998, er ógild.

Varnaraðili, fjármálafyrirtækið **F**, skal létta ofangreindri veðskuld af nefndri íbúð sóknaraðila.

Reykjavík, 13. júní 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 13. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 3/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. febrúar 2008 með kvörtun **A**, hdl., fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 5. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. febrúar 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 28. febrúar 2008. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 5. mars 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmannsins, dagsettu 13. mars 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. maí og 13. júní 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 1. júní 2006 gaf **B**, út skuldabréf nr. **C** til varnaraðila að höfuðstóli kr. 2.150.000. Með yfirlýsingu, dagsettri sama dag, tókst sóknaraðili á hendur sjálfskuldarábyrgð á láni, en lánið var jafnframt tryggt með 4. veðrétti í fasteigninni að **D**.

Í lánsúmsókn, sem var fylgiskjal með greindu skuldabréfi og sóknaraðili ritaði undir, er gert ráð fyrir helstu niðurstöðum greiðslumats um eignir umsækjanda, skuldir, ráðstöfunartekjur og greiðslubyrði. Er úmsóknin óútfyllt að þessu leyti. Neðst á skjalinu er greint frá því að ávallt sé skylt að meta greiðslugetu skuldara þegar ábyrgð viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Tekið er fram að hjónum og sambúðarfólki sé þó heimilt að leysa fjármálafyrirtæki undan skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars. Næst eru í skjalinu nokkrar fullyrðingar og er gert ráð að merkt sé við í fering fyrir framan hverja og eina eftir því hvort viðkomandi fullyrðing á við eða ekki. Snýr hin fyrsta að því að ráðgert sé að verja meira en helmingi lánsfjár til að endurgreiða önnur lán umsækjanda hjá varnaraðila og hafi ábyrgðarmanni verið kynntar þær ráðagerðir. Önnur fullyrðingin snýr að því að ekki sé óskað eftir greiðslumati og hin þriðja að því að greiðslumat hafi verið framkvæmt og ábyrgðarmanni kynnt niðurstaða þess í samræmi við það sem þar greinir. Eru í þeim efnum tveir möguleikar og feringur sem merkja skal við eftir því sem við á. Fjallar fyrri kosturinn um að greiðslumat bendi til þess að umsækjandi geti efnt skuldbindingar sínar, en hinn síðari að



niðurstaða greiðslumatsins bendi til að svo sé ekki, en ábyrgðarmaður samþykki eigi að síður að gangast í ábyrgð. Ekki er merkt við í neinum ferningi í þeirri lánsúmsókn sem sóknaraðili ritaði undir sem ábyrgðarmaður.

Vanskil urðu á ofangreindu láni og var skuldin gjaldfelld eftir að skuldari varð gjaldþrota. Krafðist varnaraðila greiðslu skuldarinnar hjá sóknaraðila með bréfi, dagsettu 21. janúar 2008. Áður hafði lögmaður sóknaraðila óskað eftir því með bréfi til varnaraðila, dagsettu 20. desember 2007, að ábyrgðarskuldbinding sóknaraðila yrði felld niður. Ekki verður séð að því hafi verið svarað skriflega.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 5. febrúar 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að tekið verði til úrskurðar gildi nefndrar sjálfskuldar-ábyrgðar sóknaraðila.

Sóknaraðili kveðst telja að hann sé óbundinn af umræddri ábyrgðarskuldbindingu sinni þar sem ekki hafi farið fram mat á greiðslugetu skuldara, en slíkt hafi verið skylt þar sem fjárhæð ábyrgðarinnar var yfir kr. 1.000.000, sbr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Kveðst sóknaraðili ekki hafa fallið frá því að slíkt greiðslumat yrði framkvæmt. Telur sóknaraðili því að fella eigi ábyrgðarskuldbindingu hans niður. Hafi hann og heldur aldrei ætlað að gangast í slíka ábyrgð, heldur talið sig vera að rita undir skjöl tengd umræddri lánveitingu sem vottur.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili mótmælir því að hafa brotið gegn 3. gr. eða öðrum greinum samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, og telur samskipti sín við sóknaraðila samrýmast góðum viðskiptavenjum. Varnaraðili vísar til þess að í lánsúmsókn komi fram að umræddu láni hafi verið ráðstafað til greiðslu eldri skulda útgefanda skuldabréfsins. Þá komi þar einnig fram að greiðslumat hafi ekki verið framkvæmt. Hafi sóknaraðili staðfest þetta með undirritun sinni á lánsúmsóknina, svo og að hafa kynnt sér upplýsingabækling varnaraðila um sjálfskuldarábyrgðir.

### V.

#### Niðurstaða.

Sóknaraðili samþykkti 1. júní 2006 að gangast í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísunum greiðslum láns samkvæmt skuldabréfi nr. C, að höfuðstóli kr. 2.150.000, sem B, gaf út sama dag til varnaraðila. Fullyrðing sóknaraðila um að hann hafi talið sig vera að rita undir láns skjöl sem vottur er haldlaus, enda mátti honum vera ljóst hverjar skuldbindingar fælust í undirskrift hans.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, ber fjármálafyrirtæki að meta greiðslugetu greiðanda þegar skuldaábyrgð eða veð er sett til tryggingar fjárhagslegri skuldbindingu, nema ábyrgðarmaður óski sérstaklega eftir því með skriflegum hætti að svo verði ekki gert. Í 3. mgr. 3. gr. er mælt fyrir um skyldu fjármálafyrirtækja til að meta greiðsluskyldu skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi skuldara nemur meira en kr. 1.000.000. Hjónum eða fólki í óvígðri sambúð er þó

heimilt að undanskilja fjármálafyrirtæki frá skyldu til greiðslumats vegna ábyrgðar á skuldum hvors annars.

Eins og áður er rakið er hvergi merkt við í lánsúmsókn, sem sóknaraðili skrifaði undir, hvort greiðslumat fór fram eða ekki. Ekki virðist þó vera ágreiningur um að greiðslugeta nefnds **B**, hafi ekki verið metin áður en sóknaraðili gekkst í umrædda sjálfskuldarábyrgð. Samkvæmt framansögðu er ljóst að skylt var að láta slíkt mat fara fram vegna fjárhæðar skuldbindingarinnar, enda liggur hvorki fyrir að sóknaraðili og **B**, hafi verið í hjúskap eða sambúð á umræddum tíma, né, hafi svo verið, að sóknaraðili hafi undanskilið varnaraðila frá skyldu til greiðslumats. Verður varnaraðili að bera allan halla af því að slíkt greiðslumat fór ekki fram, svo og að ekki liggi fyrir hverjar niðurstöður slíks mats hefðu verið.

Skilja þykir mega málatilbúnað sóknaraðila svo að hann krefjist ógildingar sjálfskuldarábyrgðar sinnar. Hefur varnaraðili og ekki gert sérstakar athugasemdir við framsetningu kröfugerðar sóknaraðila eða lagst gegn meðferð málsins að öðru leyti. Með vísan til framanritaðs og að öðru leyti til 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7, 1936 verður að fallast á að ógilda beri umrædda sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila, **M**, á láni samkvæmt skuldabréfi nr. **C**, að höfuðstóli kr. 2.150.000, útgefnu af **B**, til varnaraðila, fjármálafyrirtækisins **F**, 1. júní 2006, er ógild.

Reykjavík, 13. júní 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, þriðjudaginn 23. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 4/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. febrúar 2008 með kvörtun A, fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 15. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. febrúar 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. mars 2008. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 17. mars 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 2. apríl 2008. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 23. október 2008, var óskað eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. desember 2008, var varnaraðila veittur lokafrestur til að leggja fram umbeðin gögn og upplýsingar, en ella yrði málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirbyggjandi gagna. Engin svör hafa borist frá varnaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 17. september, 16. og 23. október, 21. nóvember, 12, 15, og 23. desember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 8. desember 2006 gerði sóknaraðili samning við C í Danmörku um kaup á öllum hlutum í sænskum félögunum D og E, en hið síðarnefnda var eigandi allra hluta í finnska félaginu G. Voru samningur aðila og önnur skjöl honum tengdum á ensku. Áður en til kaupsamnings kom hafði varnaraðili hinn 28. nóvember 2006 gert óskuldbindandi tilboð í nefnda hluti fyrir hönd sóknaraðila. Hinn 11. desember 2006 lagði sóknaraðili fram bankatryggingu frá varnaraðila til tryggingar efndum af sinni hálfu.

Bráðabirgðakaupverð hafði miðast við að heildarvirði félaganna væri 30.000.000 sænskar krónur, vaxtaberandi skuldir 12.513.000 sænskar krónur og kaupverð hluta 16.371.000 sænskar krónur. Í samningi aðila voru síðan nánari ákvæði um endanlegt uppgjör kaupverðs og breytingar á því, en lokauppgjör skyldi fara fram eigi síðar en 8. janúar 2007.

Hinn 20. desember 2006, eða 12 dögum eftir gerð samnings sóknaraðila við C, gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér samning „um ráðgjöf vegna mögulegrar fjárfestingar“. Kom þar fram að sóknaraðili hefði hug á að efla starfsemi sína með kaupum á þeim tveimur sænsku félögum, sem áður voru nefnd. Voru félögin í samningnum nefnd saman „Targets“ upp á enska tungu, en „Target“ þegar rætt var um annað hvort þeirra. Að öðru leyti var samningur aðila á íslensku. Samkvæmt samningnum tók varnaraðili að sér að greina og verðmeta „Targets“, ræða við og kanna vilja eigenda þeirra til sölu, útbúa kynningar og veita ráðgjöf í viðræðum við „Targets“ og seljendur þeirra og veita ráðgjöf varðandi fjármögnun hugsanlegra kaupa á „Targets“. Þá skyldi varnaraðili hafa yfirumsjón með gerð kauptilboða, endanlegra kaupsamninga og annarra þeirra löggerninga sem þörf kynni að vera á vegna hugsanlegra kaupa. Umsamin þóknun skyldi vera 7% af heildarverði hvors „Target“ um sig, auk útlagðs kostnaðar. Í samningi aðila var kveðið á um það að varnaraðili bæri enga bótaábyrgð á husanlegu tjóni sóknaraðila nema að því leyti, sem kynni að leiða af vanefndum, sem rekja mætti til stórfellds gáleysis eða ásetnings af hálfu varnaraðila.

Endanlegt kaupverð í ofangreindum viðskiptum sóknaraðila við C varð 32.854.175 sænskar krónur og mun það hafa verið millifært af reikningum sóknaraðila og tengdra aðila til eigenda í byrjun janúar 2007. Sóknaraðili spurdist fyrir rafleiðis 15. febrúar 2007 um hækkun kaupverðs og var svarað með rafpósti skömmu síðar. Aðilar funduðu um málið 22. febrúar 2007 og með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 6. mars 2007, voru lagðar fram fimm spurningar til varnaraðila áhrærandi uppgjör á nefndum viðskiptum og hækkun kaupverðs. Varnaraðili svaraði erindinu með bréfi, dagsettu 21. mars 2007. Með bréfi lögmanns sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 14. maí 2007, var enn óskað eftir útskýringum varnaraðila á hækkun kaupverðs og ýmsar athugasemdir gerðar við ráðgjöf varnaraðila. Erindinu var ekki svarað.

Sóknaraðili skaut máli sínu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun, dagsettri 17. ágúst 2007, sbr. mál nr. 10/2007. Málinu var vísað frá með úrskurði nefndarinnar 1. nóvember 2007 á þeim grundvelli að sóknaraðili hefði ekki haft uppi fjárkröfu á hendur sóknaraðila, sbr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefndina, dagsettra 8. júní 2000. Með bréfi lögmanns sóknaraðila, dagsettu 26. nóvember 2007, var varnaraðili krafinn um greiðslu 3.970.175 sænskra króna. Varnaraðili hafnaði kröfunni með bréfi til lögmanns sóknaraðila, dagsettu 28. desember 2008.

Mál þetta barst úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki 25. febrúar 2008 með kvörtun lögmanns sóknaraðila, dagsettri 15. sama mánaðar.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila skaðabætur að fjárhæð 3.970.175 sænskar krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla (sic) laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 10. janúar 2007 til greiðsludags.

Sóknaraðili byggir kröfur sínar á því að varnaraðili hafi brugðist sér alvarlega í ráðgjöf og eftirfylgni vegna fyrrgreindra viðskipta. Hafi starfsmenn og fulltrúar varnaraðila með a.m.k. stórfelldu gáleysi bakað sóknaraðila tjón, sem varnaraðili beri

ábyrgð á. Hafi ráðgjöf varnaraðila og fulltrúa hans verið á þá leið að sóknaraðili ætti ekki annarra kosta vól en að setta sig við hækkun kaupverðs, þrátt fyrir að í kaupsamningi kæmi fram að kaupverð samanstæði af bráðabirgðakaupverði og vaxtaberandi skuldum félaganna og gæti bráðabirgðakaupverðið aðeins tekið breytingum til lækkunar. Hafi sóknaraðili treyst því að varnaraðili hefði yfir sérfræðipækkingu að búa og myndi gæta hagsmuna sóknaraðila í hvívetna.

Sóknaraðili telur það a.m.k. hafa verið stórkostlegt gáleysi af hálfu fulltrúa varnaraðila að ráðleggja honum að sæta nefndri hækkun á kaupverði hinna sænsku fyrirtækja. Hafi varnaraðili ekki gert sóknaraðila grein fyrir því hvaða möguleikar honum hafi staðið til boða í slíkri stöðu, s.s. að greiða með fyrirvara, hætta við kaupin eða krefjast frests til að kanna málin betur. Þá bendir sóknaraðili ennfremur á í þessu sambandi að þóknun varnaraðila hafi að fullu verið bundin við að af kaupunum yrði og hefði verið ákvörðuð sem hlutfall af endanlegu kaupverði. Hafi varnaraðili því haft hagsmuni af því að af kaupum yrði og að kaupverð yrði sem hæst.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili kveðst í lok nóvember 2006 hafa verið beðinn um að aðstoða sóknaraðila við fyrirhuguð kaup á áður nefndum sænskum félögum. Hafi sóknaraðili viljað bjóða 30.000.000 sænskra króna í félagið og hafi varnaraðili ekki lagt annað mat á tilboðsverðið en að það þætti ekki hátt miðað við uppgjör félagsins 31. október 2006. Þá hafi varnaraðili aðstoðað sóknaraðila við að ráða til sín endurskoðendur, ráðgjafa og lögfræðinga, sem hafi aðstoðað sóknaraðila við kaupin. Hafi sóknaraðili lagt ríka áherslu á að kaupa sænsku félögin og í engu orðið við ítrekuðum andmælum og athugasemdum varnaraðila um að gera þyrfti ítarlega rannsókn á félögunum áður en af kaupum yrði.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa samþykkt hækkun kaupverðs á fundi með seljenda þar sem hækkunin hafi verið útskýrð. Hafi í framhaldinu verið gengið endanlega frá samningum af hálfu sóknaraðila. Telur varnaraðili sóknaraðila bera ábyrgð á því að undirbúningur kaupanna hafi ekki verið eins og best yrði á kosið. Þá hafi sóknaraðili og getað hætt við kaupin þegar hann hafi verið upplýstur um endanlegt kaupverð.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt samningi aðila skuli endanleg ákvörðun um hvort gera skuli formlegt kautilboð í öllum tilvikum vera hjá sóknaraðila og eigi hið sama eðli máls samkvæmt um kaupsamning. Þá kveður varnaraðili sóknaraðila ekki hafa sýnt fram á stórfellt gáleysi eða ásetning varnaraðila eða aðila honum tengdum, en það sé skilyrði fyrir bótaábyrgð varnaraðila. Hafi sóknaraðili heldur ekki sýnt fram á að neitt tjón hafi orðið jafnvel þótt kaupverð sænsku félaganna hafi hækkað. Ennfremur hafi sóknaraðila borið að gera athugasemdir við seljanda félaganna um hækkun kaupverðs, en ekki eftir á gagnvart varnaraðila. Auk þess hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á að endanlegt kaupverð hafi ekki endurspeglad virði félagsins á þeim tíma sem það var samþykkt af sóknaraðila.

Varnaraðili bendir á að kaupsamningur um sænsku félögin hafi verið frágenginn 8. desember 2006, en samningur um ráðgjöf varnaraðila ekki undirritaður fyrr en 20. desember 2006. Hafi sóknaraðili þá engar athugasemdir gert við ráðgjöf varnaraðila þrátt fyrir að hafa þá undirritað samning um kaup á sænsku félögunum. Varnaraðili vísar til þess að umboðsmaður kaupanda hafi verið til staðar á fundum og

í ferlinu öllu. Telji sóknaraðili að umboðsmaðurinn hafi farið út fyrir umboð sitt með samþykkt kaupverðsins verði sóknaraðili að leysa það ágreiningsefni við umboðsmanninn en ekki gera varnaraðila ábyrgan fyrir því.

Varnaraðili kveður sóknaraðila enga grein hafa gert fyrir umkrafinni bótafjárhæð. Þá mótmælir varnaraðili sérstaklega dráttarvaxtakröfu sóknaraðila. Loks telur varnaraðili að sóknaraðili eigi enga kröfu á hendur varnaraðila, heldur sé fyrst og fremst um að ræða ágreining um uppgjör milli sóknaraðila og seljanda hinna sænsku félaga.

## V.

### Niðurstaða.

Mál þetta er sprottið af kaupum sóknaraðila á öllum hlutum í sænsku félögunum D og E og ráðgjöf varnaraðila í tengslum við þau kaup, sbr. samning aðila, dagsettan 20. desember 2007. Í málinu krefst sóknaraðili þess að varnaraðili greiði honum skaðabætur að fjárhæð 3.970.175 sænskar krónur vegna tjóns, sem rakið verði til stórfellds gáleysis eða ásetnings varnaraðila eða manna sem hann beri ábyrgð á í tengslum við ráðgjöf, sem sóknaraðila hafi verið veitt í tengslum við viðskiptin. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Með samningi aðila, dagsettum 20. desember 2006, tók varnaraðili að sér að aðstoða sóknaraðila við kaup á tveimur áðurgreindum sænskum hlutafélögum. Var hlutverk varnaraðila m.a. að greina og verðmeta félögin, kanna vilja eigenda til sölu, veita ráðgjöf varðandi fjármögnun og útbúa rekstrarlíkan. Þá skyldi varnaraðili hafa yfirumsjón með gerð kauptilboða, endanlegra kaupsamninga og annarra þeirra löggæringa, sem þörf kynni að verða á vegna hugsanlegra kaupa.

Fyrir liggur að erlendir aðilar komu að kaupunum. Aðila greinir hins vegar á um á hvers vegum þeir hafi verið. Þannig heldur varnaraðili því fram að hann hafi aðstoðað sóknaraðila við að ráða til sín endurskoðendur frá X, sænskri lögmannsstofu og ráðgjafarfyrirtækið Y í Svíþjóð og hafi þeir komið fram við kaupin sem umboðsmenn sóknaraðila. Hins vegar kveður sóknaraðili sig enga aðild hafa átt að ráðningu þeirra.

Í þessum efnum verður fyrst að líta til sammings aðila. Í 3. gr. hans er kveðið á um að sóknaraðili skuli greiða allan útlagðan kostnað varnaraðila og í þeim efnum m.a. tilgreindur kostnaður vegna sérfræðiþjónustu endurskoðenda, lögfræðinga og annarra sérfræðinga. Í 4. gr. sammingsins er tilgreint að þjónusta varnaraðila kunni að fela í sér nauðsyn á áreiðanleikaskoðun á grundvallarþáttum í starfsemi hinna sænsku félaga og kunni varnaraðili þá að áskilja að utanaðkomandi lögmennt, endurskoðendur og/eða aðrir sérfræðiráðgjafar verði fengnir til að gefa álit sitt á einstökum þáttum í starfsemi félaganna. Í annan stað verður ráðið af gögnum málsins að starfsmenn Y hafi verið í samskiptum við varnaraðila um framkvæmd athugunar á rekstri þeirra sænsku félaga, sem keypt voru. Kemur og fram í gögnum málsins að fulltrúi Y hafi áður leitað samninga við varnaraðila um þóknun fyrir störf félagsins og þ.á m. lagt til að þóknun fyrir ráðgjafarstörf (e. deal fee) yrði skipt jafnt á milli þess og varnaraðila. Þá kemur og fram í rafpósti varnaraðila 10. janúar 2007 að kostnaður við störf X sé u.þ.b. 20.000 sænskar krónur og a.m.k. annað eins vegna starfa lögfræðinga. Í þriðja lagi verður ráðið af gögnum, sem varnaraðili hefur lagt fram, að hann hafi vísað fyrirspurnum sóknaraðila um útreikning endanlegs kaupverðs til hins sænska lögmanns, sem aftur svaraði varnaraðila. Ekki verður séð að sóknaraðila hafi verið

kunnugt um þessi samskipti lögmannsins og varnaraðila, sem telja verður í hæsta máta óeðlilegt hafi lögmaðurinn verið umboðsmaður sóknaraðila og ráðinn til starfa af honum eins og varnaraðili heldur fram.

Með vísan til alls þess, sem rakið hefur verið hér að framan, og eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni, þykir verða að leggja til grundvallar að fyrrgreindir sérfræðingar frá erlendum fyrirtækjum hafi komið að málinu fyrir tilstuðlan varnaraðila og unnið að því í umboði og á ábyrgð hans. Ekki þykir skipta máli í þeim efnum hvort viðkomandi fyrirtæki hafi gert varnaraðila eða sóknaraðila reikning, enda þekkist hvoru tveggja í viðskiptum sem þessum.

Kemur þá næst til skoðunar hvort varnaraðili eða menn, sem hann beri ábyrgð á, hafi við framkvæmd ráðgjafarstarfa sinna í þágu sóknaraðila sýnt af sér saknæma háttsemi. Fyrir liggur að varnaraðili og fyrrgreindir aðilar á hans vegum höfðu unnið að kaupunum fyrir sóknaraðila a.m.k. frá því í lok nóvember 2006, þrátt fyrir að hafa ekki gengið frá skriflegum samningi við sóknaraðila fyrr en 20. desember 2006. Þannig var eiganda sænsku félaganna tveggja gert óskuldbindandi tilboð í félögin 28. nóvember 2006 og var tilboðið sent á bréfsefni varnaraðila. Er tilboðsverðið þar tilgreint um 30.000.000 sænskar krónur. Kemur fram í tilboðinu að verulegum tíma hafi verið varið til að skoða væntanlega fjárfestingu og markað þann, sem unnið væri á. Þá var þess getið við hvaða forsendur og gögn varnaraðili hefði miðað tilboðsverðið, svo og hverjum skilyrðum það væri háð. Einnig var tekið fram í tilboðinu að sóknaraðili hygðist láta gera hefðbundna áreiðanleikakönnun á fyrirtækjunum og væri áætlað að sú könnun tæki að minnsta kosti þrjár vikur.

Af hálfu varnaraðila er því haldið fram að sóknaraðili hafi lagt ríka áherslu á að hraða kaupunum, en varnaraðili hafi lagt áherslu á að gera þyrfti umfangsmikla rannsókn á félaginu þar sem ella gæti hann ekki tekið veð í eignum félagsins. Hafi varnaraðili ítrekað gert athugasemdir við vinnubrögð endurskoðenda á vegum X, sem hafi í mesta lagi eytt tveimur dögum í að skoða rekstur félagsins. Fullyrðingum varnaraðila þessa efnis verður ekki fundinn staður í gögnum málsins. Í rafpósti Y til varnaraðila 6. desember 2006 kemur fram að fyrrnefnda félagið hafi nánast þvingað tilgreinda endurskoðendur til að gera áreiðanleikakönnun á þeim félögum, sem keypt voru, á einum degi. Af svari varnaraðila aðfaranótt 7. desember 2006 verður ekki ráðið að hann hafi haft nokkrar athugasemdir við þessi vinnubrögð, heldur þakkar hann Y fyrir vinnuna. Varnaraðili virðist bæði hafa fengið frekari upplýsingar frá Y þann dag og unnið sjálfur að málinu. Kaupsamningur um hluti í hinum sænsku félögum var gerður 8. desember 2006. Ekki verður séð af gögnum málsins að varnaraðili hafi haft uppi þær athugasemdir, sem hann heldur nú fram að hann hafi gert, áður en til kaupsamnings kom. Verður því eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni að telja slíkt ósannað.

Fyrrgreindur kaupsamningur er á bréfsefni lögmannsstofunnar Z, sem virðist hafa unnið að umræddum viðskiptum fyrir hönd seljanda. Við úrlausn málsins verður við það að miða að varnaraðili eða aðilar á hans vegum hafi gætt hagsmuna sóknaraðila og yfirfarið kaupsamninginn með hliðsjón af því, sbr. áðurgreint hlutverk varnaraðila samkvæmt samningi aðila, enda er enginn fyrirvari gerður um slíkt í samningi aðila, dagsettu 20. desember 2006. Ekki verður að ráðið af gögnum málsins hvort og þá að hve miklu leyti varnaraðili hafi haldið til haga ýmsum fyrirvörum, sem tilteknir voru í óskuldbindandi tilboðinu, dagsettu 28. nóvember 2006.

Í tilgreindum kaupsamningi kemur fram í gr. 3.1 að kaupverð hins selda sé miðað við að virði félaganna sé 30.000.000 sænskar krónur (e. *has been based on an*

*enterprise value of the Group amounting to SEK 30 million*) og sé útreikningur og virði eigin fjár miðað við efnahagsreikning (e. *balance sheet*) 31. október 2006. Samkvæmt honum séu vaxtaberandi skuldir 12.513.000 sænskar krónur og eigi því miðað við stöðu vaxtaberandi skulda og að teknu tilliti til samþykktra leiðréttinga að greiðast 16.371.000 sænskar krónur (e. *the Preliminary Purchase Price*) við lokauppgjör (e. *on Completion Day*). Samkvæmt grein 3.2 skyldi sóknaraðili afhenda seljanda bankatryggingu að fjárhæð 30.000.000 sænskar krónur til tryggingar efnudum af hans hálfu á uppgjörsegi. Nánar tiltekið skyldi greiðslan í fyrsta lagi vera til tryggingar upphaflegu kaupverði (e. *The Preliminary Purchase Price*) samkvæmt gr. 3.1. eða leiðrétt kaupverð (e. *Adjusted Purchase Price*) samkvæmt 4. gr. sammingsins. Í annan stað skyldi bankaábyrgðin vera til tryggingar greiðslu D á vaxtaberandi nettóskuldum við seljanda á uppgjörsegi og í þriðja lagi til tryggingar greiðslu nefnds félags á vaxtaberandi nettóskuldum við ákveðin banka í Svíþjóð.

Í 4. gr. var eins og áður sagði að finna ákvæði um leiðréttingu kaupverðs. Samkvæmt gr. 4.1 skyldi kaupverðið endurreiknað miðað við raunverulega stöðu 31. desember 2006 (e. *recalculated based on actual figures, with the information available on 31 December 2006*). Þetta átti þó aðeins við í þremur tilvikum. Í fyrsta lagi skyldi kaupverð lækka til samræmis við mögulega hækkun launakostnaður (e. *the costs of redundant employees*) umfram það sem ráðgert væri í rekstrarreikningi. Í annan stað skyldi kaupverðið lækka um 50% af hugsanlegu rekstrartapi fyrirtækjasamstæðunnar í nóvembermánuði 2006 án tillits til skatta (e. *earnings before tax*). Í þriðja lagi skyldi hið sama gilda um hugsanlegt tap í desember 2006. Samkvæmt gr. 4.2 skyldi leiðrétting kaupverðs eiga sér stað eigi síðar en 8. janúar 2007. Var þar sérstaklega tekið fram að önnur atriði gætu ekki leitt til leiðréttingar kaupverðs. Í gr. 4.3 var tekið fram að báðir aðilar skyldu að fullu upplýstir um leiðréttinguna og hefði hvor um sig rétt til að tilnefna endurskoðanda til að staðreyna útreikning leiðréttis kaupverðs og skyldi hann hafa aðgang að öllum gögnum í þeim tilgangi. Yrði ágreiningur um þessi efni skyldi honum skotið til endurskoðenda þeirra félaga, sem sóknaraðili keypti, og skyldi ákvörðun þeirra vera endanleg. Loks var í gr. 4.4 áréttað að ef leiðrétt kaupverð væri lægra en upphaflegt kaupverð skyldi kaupverðið lækka sem því næmi. Ákvæði 4. gr. verður samkvæmt framansögðu ekki skilið öðruvísi en svo að upphaflegt kaupverð hafi einungis átt að geta tekið breytingum til lækkunar.

Í 5. gr. sammingsins var að finna ákvæði um uppgjör sammingsins, sem eins og áður sagði skyldi fara fram 8. janúar 2007. Samkvæmt gr. 5.2 skyldi sóknaraðili þá í fyrsta lagi greiða upphaflegt kaupverð samkvæmt gr. 3.1 eða leiðrétt kaupverð, sbr. 4. gr. Í öðru lagi hvíldi á sóknaraðila að greiða fyrir hönd D vaxtaberandi nettóskuldir þess félags við seljanda á uppgjörsegi og í þriðja lagi vaxtaberandi nettóskuldir sama félags við ákveðin sænskan banka samkvæmt yfirliti, sem fylgdi samningnum. Í fjórða lagi skyldi sóknaraðili aflétta ábyrgðum af seljanda vegna D og í fimmta lagi sjá til þess að haldnir yrðu hluthafafundir til að skipta um stjórnarmenn í hinum keyptu félögum. Loks er þess að geta að samkvæmt gr. 15.2 skyldi leysa hvers konar deilur aðila fyrir gerðardómi. Frá þessu var þó gerð undantekning um útreikning leiðréttis kaupverðs, sbr. gr. 4.3, en í þeim efnum fóru endurskoðendur félaganna með endanlegt ákvörðunarvald eins og fyrr var rakið.

Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi sent frá sér rafpóst til sóknaraðila aðfaranótt miðvikudagsins 10. janúar 2007 þar sem tilgreint er að daginn eftir þurfi að millifæra 32.854.175 sænskar krónur til Svíþjóðar eða Danmörku, sem ekki verður skilið annan veg en að um sé að ræða greiðslu til seljanda. Fjárhæðin er



ekki sundurliðuð og liggur ekki fyrir með hverjum hætti hún var fundin út eða af hverjum. Í nefndum rafpósti kemur fram að fyrirhugaður hafi verið fundur aðila á fimmtudagsmorgni, þ.e. 11. janúar 2007. Á þeim fundi munu m.a. hafa verið fulltrúi Y og áðurnefndur sænskur lögmaður, svo og fyrirsvarsaður sóknaraðila. Mun sóknaraðili þar hafa samþykkt hið leiðréttu kaupverð. Kveðst hann hafa verið fullvissaður af hálfu greindra fulltrúa varnaraðila að slíkt yrði hann að gera.

Sóknaraðili óskaði eftir því við varnaraðila með rafpósti 15. febrúar 2007 að hann skýrði með vísan til einstakra ákvæða kaupsamnings um sænsku félögin hvernig hækkun kaupverðs væri til komin. Vísaði hann í þeim efnum til yfirlits varnaraðila frá 17. janúar 2007. Það yfirlit hefur ekki verið lagt fram fyrir úrskurðarnefndina fremur en hugsanleg gögn, sem undirrituð kunna að hafa verið á fundi aðila kaupsamningsins 11. janúar 2007, eða sundurliðun á endanlegum greiðslum, sem sóknaraðili skyldi greiða seljanda. Verður varnaraðili að bera allan halla af slíkum upplýsingaskorti. Í svari til sóknaraðila 15. febrúar 2007 vísar varnaraðili til þess að breyting á kaupverði hafi verið óhjákvæmileg, enda hafi tilboð verið gert miðað við stöðu hinna sænsku félaga 31. október 2006. Frá þeim tíma þar til tekið var við D í janúar 2006 hafi átt sér stað færslur innan félagsins, s.s. vörukaup, greiðsla á viðskiptaskuldum, m.a. vegna birgða og leigu o.s.frv. Þá sýni skjal, sem sagt er fylgja póstinum, að seljandi hafi sett 2,5 milljónir sænskra króna inn í félagið eftir 31. október 2006, auk þess sem birgðir, viðskiptakröfur, viðskiptaskuldir, reiðufé og fleira hafi breyst. Í bréfi til sóknaraðila, dagsettu 21. mars 2007, segir að kaupverð hlutafjárins hafi lækkað úr 16.371.000 sænskum krónum í 15.915.000 sænskar krónur. Hækkun heildarverðs samkvæmt umræddum kaupsamningi megi hins vegar rekja til hærri skulda, sem borið hafi að greiða við uppgjör viðskipta, eins og þær voru á uppgjorsdegi, en ekki við undirritun samnings. Hafi skuldir við uppgjör viðskiptanna verið 16.939.175 sænskar krónur, en ekki 12.513.000 sænskar krónur eins og miðað hafi verið við á undirritunardegi. Hafi skuldin því lækkað um 4.426.175 sænskar krónur. Mætti gróflega útskýra muninn með breytingu á veltufjármunum (869.000 sænskar krónur), greiddar skattskuldir (1.988.000 sænskar krónur), aukningu á skuld við móðurfélag (2.500.000 sænskar krónur), notkun handbærs fjár til greiðslu skulda (3.951.000 sænskar krónur) og annarra liða (1.569.000 sænskar krónur).

Eins og fyrr greinir voru vaxtaberandi skuldir í samningi aðila taldar vera 12.513.000 sænskar krónur og ættu því miðað við stöðu vaxtaberandi skulda og að teknu tilliti til samþykkrtra leiðréttinga að greiðast 16.371.000 sænskar krónur við lokauppgjör. Framangreint ákvæði nefnds kaupsamnings verður ekki skilið á annan veg en svo að kaupverð samanstandi af peningagreiðslu og yfirtöku skulda. Leiðir af eðli máls að ef skuldir eru hærri við uppgjör en þegar kaupsamningur er gerður lækki peningagreiðsla til seljanda sem því nemur. Er slíkt í samræmi við það sem almennt tíðkast í viðskiptum sem þessum. Væri og með öllu óeðlilegt ef hækkun skulda gæti leitt til herra söluverðs. Hafi seljandi lagt félögunum, öðru eða báðum, til fjármuni í formi láns eftir gerð kaupsamnings leiðir slíkt til hækkunar skulda og lækkunar greiðslu í peningum. Hafi fjármunirnir átt að endurgreiðast seljanda við uppgjör lækka skuldin á nýjan leik og peningagreiðslan hækkar að sama skapi. Vandséð er hins vegar hvernig framangreint á að geta leitt til hækkunar heildargreiðslu til seljanda á uppgjorsdegi.

Uppgjör aðila virðist byggt á tillögu seljanda, sem hann sendi m.a. sóknaraðila og varnaraðila og þeim, sem störfuðu að málinu í umboði varnaraðila, sbr. það sem fyrr sagði. Verður ekki séð að varnaraðili eða umboðsmenn hafi gert nokkra athugasemd við uppgjörstillöguna. Mátti sóknaraðili treysta því að þeir sérfræðingar, sem hann hafði ráðið gættu hagsmuna hans í einu og öllu og gengju úr skugga um að uppgjorið væri í fullu samræmi við samning aðila. Af hálfu sænsks lögmanns, sem talinn verður til umboðsmanna varnaraðila, er bent á að hvergi sé vísað til þess í samningi aðila hvernig taka ætti á aukningu hlutafjár (*e. capital injections*), sem stafaði frá seljanda, en að kaupandi gæti haldið því fram að slíkar breytingar á eigin fé væru innifaldar í kaupverði. Þá kemur fram af hálfu lögmannsins að honum hafi verið ókunnugt um hver hafi leyft breytingu á grundvelli mats á verðmæti hinna sænsku félaga. Liggur það heldur ekki fyrir af hálfu varnaraðila, en svör hans um uppgjör aðila hafa verið óskýr og lítt upplýsandi. Getur varnaraðili ekki eins og á stendur borið fyrir sig að sóknaraðili hafi samþykkt uppgjorið. Mátti og ljóst vera að slíkt hlyti sóknaraðili að gera á grundvelli sérfræðiráðgjafar, sem varnaraðili bar ábyrgð á og sóknaraðili hafði gert samning við hann um. Þá er þess að geta að varnaraðili hefur ekki orðið við ítrekuðum beiðnum nefndarinnar um upplýsingar og gögn áhrærandi umrædd viðskipti.

Eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni og á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir hana hafa verið lögð, verður samkvæmt öllu framansögðu að telja að varnaraðili og/eða menn, sem hann ber ábyrgð á, hafi gerst sekir um stórfellda vanrækslu við uppgjör téðra viðskipta og þá sérfræðiráðgjöf, sem sóknaraðila var veitt í tengslum við það. Hefur varnaraðili því bakað sér bótaábyrgð gagnvart sóknaraðila. Þykir mega slá því föstu að tjónið sé þegar orðið þar sem viðskiptum sóknaraðila við seljanda nefndra viðskipta er lokið.

Bótafjárhæð sem krafist er, 3.970.175 sænskar krónur, er mismunur á þeirri fjárhæð, sem sóknaraðila var gert að greiða, 32.854.175 sænskar krónur, og þeirri fjárhæð, sem sóknaraðili telur að sér hefði ella verið skylt að greiða, þ.e. leiðrétt kaupverð, 28.884.000 sænskar krónur. Hefur þessum útreikingi ekki verið hnekkt af hálfu varnaraðila og verður hann lagður til grundvallar niðurstöðu málsins. Verður varnaraðili því gert að greiða sóknaraðila um rædda fjárhæð. Rétt þykir að fjárhæðin beri vexti samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 10. janúar 2007 til 26. desember 2007, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá 26. desember 2007 til greiðsludags. Síðastgreindan dag var liðinn mánuður frá því að sóknaraðili krafðist umræddrar fjárhæðar, sbr. 9. gr. nefndra laga.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Varnaraðili, fjármálafyrirtæki F, greiði sóknaraðila, M, 3.970.175 sænskar krónur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38, 2001 frá 10. janúar 2007 til 26. desember 2007, en dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá 26. desember 2007 til greiðsludags

Reykjavík, 23. desember 2008.

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 13. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Helgi Sigurðsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 5/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjármálafyrirtækinu F.**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið **F**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 29. febrúar 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 6. mars 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, 9. apríl 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. apríl 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 21. apríl 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. maí og 13. júní 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili mun vera með svonefnt geymslusafn í vörslum varnaraðila, þ.á m. hlutabréf í **A**, og **F**, Í samtali sóknaraðila við starfsmann varnaraðila 8. nóvember 2008 mun sölu bréfanna hafa borið á góma. Í framhaldi af fundinum sendi sóknaraðila varnaraðila rafpóst þar sem sagði: „Ok þú finnur bara rétta tækifærið til þess, seljum sem sagt við fyrsta tækifæri.“

Hinn 20. nóvember 2007 spurðist sóknaraðili fyrir um það hjá varnaraðila hvort umrædd bréf hefðu verið seld. Svaraði varnaraðili því neitandi og kvað markaði erfiða og ekki bjart framundan. Sóknaraðili spurðist þá fyrir hverju sætti að bréfin hefðu ekki verið seld og var svarað með vísan til verra ástands og lækkana á mörkuðum. Síðar sama dag sendi varnaraðili rafpóst til sóknaraðila þar sem sóknaraðili er upplýstur um gengi bréfanna og spurður að því hvort selja eigi bréfin. Sóknaraðila kvaðst hallast að því að bíða með sölu.

Pann 18. janúar 2008 kvartar sóknaraðila við varnaraðila yfir því að nefnd hlutabréf hafi ekki verið seld 8. nóvember 2007. Mun varnaraðili í framhaldinu hafa boðið sóknaraðila kr. 75.000 án viðurkenningar á bótaskyldu. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því við varnaraðila 21. febrúar 2008 að bréf hans yrðu seld og að aðilar málsins skiptu á milli sín tjóni sóknaraðila. Því hafi bankinn hafnað.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 29. febrúar 2008.

### III.

### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 1.000.000 auk vaxta.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að varnaraðili hafi ekki framfylgt ósk hans um sölu áður nefndra hlutabréfa og hafi hann orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna þessa. Kveðst sóknaraðili hafa komið ósk sinni skýrt á framfæri við varnaraðila símleiðis og rafleiðis og hafi í rafpósti verið gerð krafa um sölu við fyrsta tækifæri.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að máli þessu verði vísað frá úrskurðarnefndinni en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Áhrærandi aðalkröfu sínar vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi aldrei sett fram neina kröfu gagnvart varnaraðila sem varnaraðili hafi hafnað.

Varakröfu sína styður varnaraðili þeim rökum að aldrei hafi legið fyrir skýr fyrirmæli um sölu umræddra hlutabréfa. Verði fallist á að fyrirmælin hafi verið nægjanlega skýr er þess krafist að miða verði við verðmæti bréfanna 20. nóvember 2007, en þann dag hafi sóknaraðili hafnað því að selja bréfin. Komi og fram í rafpósti sóknaraðila 18. janúar 2008 að hann hafi viljað halda í nefnd hlutabréf. Sé mismunur á verðmæti bréfa sóknaraðila miðað við 8. nóvember 2007 annars vegar og 20. nóvember 2007 hins vegar kr. 154.265.

### V.

#### Niðurstaða.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð máls hjá úrskurðarnefndinni að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að sú fjárfkrafa, sem sóknaraðili hefur uppi í málinu, hafi verið sett fram á hendur varnaraðila. Er því ekki uppfyllt skilyrði nefndrar 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd við fjármálafyrirtæki um að kröfu viðskiptamanns hafi verið hafnað eða sátt ekki tekist um málið.

Með vísan til framanritaðs verður þegar af greindri ástæðu að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. júní 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Helgi Sigurðsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, miðvikudaginn 17. september, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Gunnar Viðar og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 6/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 17. mars 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 13. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. mars 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Viðbótargögn bárust frá sóknaraðila 27. mars 2008 og voru þau send varnaraðila samdægurs. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 27. mars 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 1. apríl 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 9. apríl 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. maí og 17. september 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 27. júní 2007 tók sóknaraðili á kaupleigu hjá varnaraðila bifreið. Var umsaminn leigutími frá samningsdegi til 2. júlí 2014. Kaupverð hins leigða var kr. 2.070.000. Að frádreginni kr. 500.000 innborgun sóknaraðila og að viðbættu kr. 56.943 stofngjaldi var tilgreint samningsverð í kaupleigusamningnum kr. 1.626.943. Var mánaðarleg leiga að meðaltali yfir lánstímann tilgreind kr. 22.731. Samkvæmt samningi aðila skyldu vextir vera óverðtryggðir vextir bílasamninga samkvæmt ákvörðun varnaraðila á hverjum tíma og miðast við tilgreinda myntkörfu, sem væri samsett af japönskum jenum (50%) og svissneskum frönkum (50%). Gengisþróun varð sóknaraðila mjög óhagstæð og hafði mánaðarleg samningsgreiðsla sóknaraðila hækkað úr kr. 22.023 á fyrsta gjalddaga í ágúst 2007 í kr. 29.026 í mars 2008. Á þeim tíma voru eftirstöðvar samningsins orðnar kr. 1.821.329. Kveðst sóknaraðili ítrekað hafa kvartað yfir þessu við varnaraðila en án árangurs.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 13. mars 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Í kvörtun sinni krefst sóknaraðili þess:

*„...að fá endurgreiddan lántökukostnað að upphæð kr. 56.943 plús þann hluta af mánaðarlegum greiðslum mínum (2. sep. 07 = 24.210, 2. okt 07 = 24.478, 2. nóv, 07 = 23.818, 2. des, 07 = 25.876, 2. jan, 08 = 26.053, 2. feb, 08 = 28.473, 2. mars, 08 = 29.026) sem var YFIR áætluðu meðaltali (áætlað meðaltal = 22.732) = kr. 22.810 mínus 709 kr. = 79. 044 samtals, miðað við 2. mars, 08.*

*...að fá að endurgreiða [varnaraðila] upphaflegu skuld mína á bílnum að upphæð 1.570.000 kr. mínus áætlaðar afborganir inn á höfuðstól að upphæð samtals 133.832, m. ö. o. upphæðina 1.570.000 mínus 133.832 = 1.436.168, miðað við 2. mars, 08, - og vera þannig skuldlaus gagnvart [varnaraðila]..."*

Í bréfi sínu til úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 9. apríl 2008, setti sóknaraðili fram endurunnar kröfur (sic) þar sem sagði m.a.:

*„... Sóknaraðili krefst þess að vera óábyrgur fyrir samningnum/samningurinn verði ógildur, með endurgreiðslu á lokaupphæð: ... Sóknaraðili vill endurgreiða [varnaraðila] upphaflegu upphæðina fyrir bílinn, 1.570 þús. kr., mínus allar greiðslur af höfuðstól og vöxtum sem þegar hafa verið inntar af hendi til [varnaraðila], 231,643 kr., samtals kr. 1.328.357 MEÐ VÖXTUM, plús 10 þús kr. inneign hjá N1 sem kom með láninu MEÐ VÖXTUM: ... sem úrskurðarnefndinni ... finn[st] eðlilegir..."*

Sóknaraðili kveðst hafa skrifað undir nefndan kaupleigusamning á röngum forsendum þar sem hann hafi fengið rangar og villandi upplýsingar frá sölumanni, sem sagt hafi gengislán mjög stöðugt. Kveðst sóknaraðili ekki hafa verið upplýstur um áhættu af nokkru tagi samhliða töku lánsins. Þá sé samningurinn bersýnilega óhagstæður sóknaraðila sem neytanda og hafi fákunnátta sóknaraðila um gengislán og gengistryggingu verið notuð til að koma á samningi.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að hann hafi aldrei fengið formlega kröfu frá sóknaraðila og hafi þar af leiðandi aldrei hafnað neinni kröfu. Þá hafi sóknaraðili aldrei lagt málið fyrir varnaraðila með þeim hætti að reynt væri hvort sátt gæti tekist. Séu því ekki uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fyrir meðferð málsins og beri því að vísa því frá nefndinni. Þá telur varnaraðili kröfugerð sóknaraðila svo illa reifaða, óljósa og ruglingslega að málið sé ekki af þeim sökum tækt til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 6. gr. nefndra samþykktu.

Áhrærandi varakröfu sína vísar varnaraðili til þess að sóknaraðili hafi með undirskrift sinni samþykkt að greiða varnaraðila stofngjald að fjárhæð kr. 56.943. Komi fram á forsiðu samningsins að sóknaraðili staðfesti með undirskrift sinni að hafa kynnt sér samningsskilmálana og samþykkt þá að öllu leyti. Þá hafi sóknaraðila verið fullkunnugt um að lánið hafi verið í erlendri mynt, svo og hvernig myntkarfan væri samansett. Sé og ómögulegt að slá því föstu að lántakan sé óhagstæð fyrir sóknaraðila þar sem enn séu 76 gjalddagar eftir af láninu og ekki vitað hver þróun gjaldmiðla verður það sem eftir lifir samningstímans.

Varnaraðili hafnar því alfarið að hafa beitt blekkingum eða óheiðarlegum aðferðum við samningsgerðina. Þá er kröfu um uppgreiðslu á eftirstöðvum samningsaðila með kr. 1.436.168 mótmælt sem rangri, órökstuddri og tilhæfulausri með öllu.

**V.****Niðurstaða.**

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Gegn mótmælum varnaraðila hefur ekki verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi beint áðurgreindum kröfum sínum að varnaraðila. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Þykja þá ekki efni til að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila.

**Úrskurðarorð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 17. september 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Gunnar Viðar

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 13. júní, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Helgi Sigurðsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 7/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Tryggingafélaginu T**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru **M**, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og tryggingafélagið **T**, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. apríl 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. apríl 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 25. apríl 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. maí 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 13. maí 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. maí og 13. júní 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili mun hafa verið í viðskiptum við varnaraðila frá árinu 2003 þar til hann sagði upp tryggingum sínum hjá varnaraðila með bréfi, dagsettu 30. október 2007, og lauk viðskiptum 1. desember 2007. Við lok viðskipta átti sóknaraðili inni kr. 36.372 hjá varnaraðila, en fyrir mistök varnaraðila var sú fjárhæð tvígreidd inn á bankareikning sóknaraðila 19. desember 2007. Voru kr. 36.372 færðar sóknaraðila til skuldar á viðskiptareikningi hans. Var einn áttundi hluti þeirrar fjárhæðar, kr. 4.611, skuldfærður á greiðslukortareikning sóknaraðila 14. janúar 2008 á grundvelli boðgreiðslusamnings hans við varnaraðila og greiddur með öðrum úttektum af greiðslukortareikningnum 4. febrúar 2008. Sóknaraðili hafði hins vegar endurgreitt varnaraðila kr. 36.372 hinn 1. sama mánaðar. Varnaraðili mun hafa endurgreitt sóknaraðila kr. 4.611 eftir að kvörtun í máli þessu var lögð fram.

Sóknaraðili krafði varnaraðila um kr. 4.611 með rafpósti, dagsettum 23. janúar 2008, og aftur með rafpósti, dagsettum 3. mars 2008, auk vaxta og kostnaðar. Varnaraðili hafnaði kröfum sóknaraðila með rafpósti, dagsettum 3. mars 2008.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 2. apríl 2008.

### III.

### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 18.303, auk dráttarvaxta af kr. 4.611 frá 4. febrúar 2008 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun kr. 4.611.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að varnaraðili hafi með ólögmetum hætti notað greiðslukort hans á grundvelli boðgreiðslusamnings, sem fallið hafi úr gildi þegar viðskiptum aðila lauk 1. desember 2007. Beri varnaraðila af þessum sökum að greiða honum umrædda kröfur. Er auk höfuðstóls, kr. 4.611, krafist kr. 1.500 vegna innheimtutilraunar hinn 3. mars 2008 og kr. 12.000 vegna fyrirhafnar og óþæginda við málarekstur fyrir úrskurðarnefndinni.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili kveður sóknaraðila ekki hafa lýst vilja sínum til að boðgreiðslusamningur aðila félli niður fyrr en með bréfi, dagsettu 23. janúar 2008. Telur varnaraðili að ofgreidd inneign til viðskiptamanns sé iðgjaldskrafa, enda séu kröfurnar að fullu hæfar til skuldajafnaðar.

### V.

#### Niðurstaða.

Í 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er að finna ákvæði um starfssvið nefndarinnar. Er þar mælt fyrir um að viðskiptamenn fjármálafyrirtækja sem aðild eigi að nefndinni geti snúið sér til hennar vegna viðskipta við þau. Samkvæmt a-lið 2. mgr. 3. gr. tekur nefndin til meðferðar kvartanir sem varða réttarágreining milli fjármálafyrirtækis eða dótturfyrirtækis slíks fyrirtækis annars vegar og viðskiptamanns hins vegar enda sé samningssamband milli aðila.

Varnaraðili er váttryggingafélag og starfar á grundvelli laga nr. 60, 1994 um váttryggingastarfsemi. Varnaraðili er því hvorki fjármálafyrirtæki né á aðild að úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Samkvæmt framansögðu er það utan starfssviðs nefndarinnar að fjalla um framanrakinn ágreining sóknaraðila og varnaraðila. Er því óhjákvæmilegt að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni án kröfu.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli þessu er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. júní 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Helgi Sigurðsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, fimmtudaginn 16. október, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Helgi Sigurðsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 8/2008**:

**M  
og  
N  
gegn  
Fjárfestingarfélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M og N, hér eftir nefnd sóknaraðilar, annars vegar, og fjárfestingarfélagið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 24. júní 2008 með kvörtun A lögmanns., fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 23. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 25. júní 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 3. júlí 2008. Var það sent lögmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 23. júlí 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust 13. ágúst 2008 með ódagsettu bréfi lögmanns sóknaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 4. og 24. september og 16. október 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 22. febrúar 2006 gaf B ehf., út skuldabréf að fjárhæð kr. 7.300.000 til varnaraðila og tókust sóknaraðilar á hendur óskipta sjálfskuldarábyrgð á endurgreiðslu lánsins. B ehf. mun í maí 2004 hafa stofnað til yfirdráttarheimildar hjá varnaraðila með sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila M og þriðja manns. Í janúar 2005 mun félagið hafa óskað eftir aukinni yfirdráttarheimild og lagði þá fram sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu sóknaraðila N að fjárhæð kr. 2.000.000. Vanskil urðu á greiðslu yfirdráttar og var þá téð skuldabréf gefið út. Gengust sóknaraðilar í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, vaxta, dráttarvaxta og alls kostnaðar, sem af vanskilum og innheimtuaðgerðum kynni að leiða.

B ehf. mun hafa orðið gjaldþrota í mars 2007 og hefur varnaraðli kafið sóknaraðila um greiðslu ábyrgðarskulda sinna. Sendi lögmaður sóknaraðila varnaraðila erindi vegna ábyrgðarinnar, dagsett 7. apríl 2007. Því var hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 28. sama mánaðar.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 29. febrúar 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðilar fara þess á leit við úrskurðarnefndina að hún „... skoði og fjalli um hvort [varnaraðili] hafi fullnægt upplýsingarskyldu sinni gagnvart [sóknaraðilum] samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem og samkvæmt góðum og sjálfsögðum viðskiptaháttum...“

Af hálfu sóknaraðila er byggt á því að sóknaraðili N hafi við undirritun nefnds skuldabréfs gert sér grein fyrir að hún væri ábyrg fyrir kr. 2.000.000 og hafi staðið í þeirri trú að einungis hefði verið um skuldbreytingu að ræða, en ekki aukna ábyrgð hennar. Hafi sóknaraðila N engar upplýsingar verið veittar um hvers konar ábyrgð hún væri að takast á herðar, heldur þrýst á hana að rita nafn sitt skjótt undir skuldabréfið. Hafi hún ekki gert sér neina grein fyrir að hún væri að ábyrgjast skuldabréf nefnd einkahlutafélags að höfuðstóli kr. 7.300.000.

Sóknaraðilar vísa til stuðnings kröfum sínum til samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga frá árinu 2001, einkum 1. másl. 2. gr. og 4. gr., en í síðarnefnda ákvæðinu segi að tryggt skuli að ábyrgðarmaður geti kynnt sér niðurstöðu greiðslumats áður en hann gangist í ábyrgð, enda liggja fyrir að greiðandi hafi samþykkt greiðslumatið. Hafi sóknaraðila N aldrei verið kynnt slíkt greiðslumat, enda liggja ekki fyrir upplýsingar um að slíkt greiðslumat hafi farið fram.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Af hálfu varnaraðila er vísað til að samkomulag um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga eigi eingöngu við þegar einstaklingar ábyrgjast skuldir annars einstaklinga. Beri lánastofnununum því ekki að greiðslumeta lögaðila þótt einstaklingar takist á hendur ábyrgð vegna skulda hans við stofnunina. Þá telur varnaraðili að vegna tengsla ábyrgðarmanna við umrætt einkahlutafélag hafi vitneskja þeirra um raunverulega fjárhagsstöðu félagsins verið meiri en vitneskja varnaraðila. Hafi þeim því mátt vera kunnugt um þau atriði, sem hugsanlega kynnu að skipta máli áhrærandi mat á þeirri fjárhagslegu áhættu, er fylgir því að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð. Ennfremur bendir varnaraðili á að sóknaraðilar hafi fengið senda tilkynningu um kaup á umræddu skuldabréfi þar sem áréttað hafi verið að þeir hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar. Hafi sóknaraðila N því mátt vera fyllilega ljóst að hún hafi verið í ábyrgð fyrir allri skuldinni. Loks getur varnaraðili þess að sóknaraðilar hafi ekki gert athugasemdir við ábyrgðarskuldbindingu sína fyrr en ljóst varð eftir gjaldþrot B ehf. að félagið myndi ekki greiða lánið.

### V.

#### Niðurstaða.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykta fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2008, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár. Í máli þessu fara sóknaraðilar fram á að úrskurðarnefndin fjalli um og skoði hvort varnaraðili hafi fullnægt upplýsingarskyldu sinni gagnvart sóknaraðilum samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, sem og samkvæmt góðum og sjálfsögðum viðskiptaháttum eins og það er orðað. Sóknaraðilar hafa enga fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila og verður framangreind beiðni þeirra ekki metin til fjár eins og hún er sett fram. Er það utan verksviðs nefndarinnar að fjalla um beiðni sóknaraðila með þeim hætti sem óskað er eftir.

Með vísan til framanritaðs verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, N og M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 16. október 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Helgi Sigurðsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, mánudaginn 15. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Jóhann Tómas Sigurðsson og Jón Magnússon.

Fyrir er tekið **mál nr. 9/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjárfestingarfélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjárfestingafélagið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 21. júlí 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 17. sama mánaðar, og beindist kvörtunin að fjárfestingafélaginu F. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. júlí 2008, var kvörtunin send félaginu og því gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Eftir ítrekanir bárust svör með bréfi varnaraðila, dagsettu 12. nóvember 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 13. nóvember 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust ekki.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda F. var kröfuréttindum félagsins ráðstafað til varnaraðila, sem þá hét G, og ákveðið að varnaraðili tæki m.a. við öllum ábyrgðum, sem tengdust kröfum hins fyrrnefnda félags, svo og starfsemi þess að því er varðaði þær eignir sem framseldar voru til varnaraðila. Hefur varnaraðili því tekið við aðild málsins varnarmegin. Verður í úrskurði þessum vísað til F og G jöfnum höndum sem varnaraðila.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 15. desember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Með kaupsamningi, dagsettu 12. júlí 2007, keypti sóknaraðili byggingarlóð og var umsamið kaupverð kr. 23.000.000. Veitti seljandi lóðarinnar sóknaraðila veðleyfi til að veðsetja eignina með tryggingarbréfi frá varnaraðila að fjárhæð kr. 27.600.000 gegn því skilyrði að varnaraðili greiddi seljandanum kr. 23.000.000 með þeim hætti, sem tilgreint var í kaupsamningi.

Hinn 16. júlí 2007 gerðu sóknaraðili og varnaraðili með sér viðskiptasamning þar sem varnaraðili skuldbatt sig til að hafa til reiðu fyrir lántaka reikningslánalínu (sic) að fjárhæð kr. 23.000.000. Hafði varnaraðili samþykkt að veita lántaka rekstrarfjármögnun í því formi með þeim skilyrðum og skilmálum sem fram komu í samningnum. Var sóknaraðila innan þeirra marka heimilt að taka lán hjá varnaraðila „í öllum algengum erlendum gjaldmiðlum sem [varnaraðili átti] viðskipti með.“ Var í samningi aðla mælt fyrir um að hver láns hluti, sem sóknaraðili tæki innan lánsheimildar hinnar svonefndu reikningslánalínu skyldi teljast sjálfstætt lán.

Með rafpósti, dagsettum 6. júní 2008, var sóknaraðila tilkynnt að samningur hans við varnaraðila stæði í kr. 20.422.000 og hefði sú fjárhæð verið notuð til að greiða tvær fyrstu greiðslur samkvæmt nefndum kaupsamningi, samtals kr. 15.000.000. Mismunurinn væri vegna gengisfalls íslensku krónunnar. Var sóknaraðila tjáð að það sem eftir væri af lánalínunni, kr. 2.578.000, myndi ekki duga til að ljúka tveimur síðustu greiðslum samkvæmt kaupsamningi, samtals kr. 7.700.000. Væri varnaraðili tilbúinn að lána það sem upp á vantaði, að því gefnu að sóknaraðili stæðist allar kröfur varnaraðila, og yrðu kjör skoðuð með tilliti til framboðinna trygginga.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 17. júlí 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að varnaraðili hafi skuldbundið sig með samningi, dagsettum 16. júlí 2007, til þess að lána sóknaraðila kr. 23.000.000 í erlendum gjaldmiðli samkvæmt samkomulagi.

Sóknaraðili kveðst eiga rétt á að fá kr. 23.000.000 í erlendum myndum óháð því hvert gengi þeirra gagnvart íslensku krónunni sé á hverjum tíma. Varnaraðili vilji hins vegar túlka samning aðila á þann hátt að sóknaraðili eigi einungis rétt á að umræddar kr. 23.000.000 miðist við gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum á þeim tíma sem lánið var tekið.

Sóknaraðili telur eðlilegastan skilning á samningi aðila vera þann að hann eigi rétt á kr. 23.000.000 í erlendum gjaldmiðlum, en ekki erlendum gjaldmiðli að andvirði kr. 23.000.000 að frádreginn gengislækkun frá þeim tíma sem samningurinn var gerður. Þá telur sóknaraðili venju og túlkunarreglur í samningarétti styðja kröfur sínar. Sóknaraðili vísar ennfremur til ákvæða 36. gr. a og 36. gr. b samningalaga nr. 7, 1936 máli sínu til stuðnings.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni.

Varnaraðili byggir kröfu sína á því að hann hafi aldrei fengið formlega kröfu frá sóknaraðila og hafi þar af leiðandi aldrei hafnað neinni kröfu. Þá hafi sóknaraðili aldrei lagt málið fyrir varnaraðila með þeim hætti að reynt væri hvort sátt gæti tekist. Verði rafpóstur varnaraðila frá 6. júní 2008 ekki skilinn sem höfnun á erindi sóknaraðila. Séu því ekki uppfyllt skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki fyrir meðferð málsins og beri því að vísa því frá nefndinni.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa fengið til undirritunar viðauka við viðskiptasamning aðila um mánaðamótin ágúst og september 2008 þar sem fallist hafi verið á kröfu hans um lánveitingu á þeim kjörum, sem fram kæmu í samningnum. Sóknaraðili hafi hins vegar ekki skilað viðaukanum og ekki haft samband við varnaraðila. Megi því draga þá ályktun að hann hafi fallið frá kröfu sinni í kvörtun til úrskurðarnefndarinnar um efndir in natura.

V.

**Niðurstaða.**

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Gegn mótmælum varnaraðila hefur ekki verið sýnt fram á að sóknaraðili hafi beint áðurgreindri kröfu sinni að varnaraðila. Verður því þegar af þeirri ástæðu ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjárfestingarfélaginu F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. desember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

---

Jón Magnússon



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, fimmtudaginn 13. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 10/2008**:

**M**  
**gegn**  
**Fjárfestingafélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og fjárfestingafélagið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 1. september 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 27. ágúst 2008. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. september 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 18. september 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 26. september 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 2. október 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. október, 23. október og 13. nóvember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili var staddur í Lundúnum í Englandi þann 1. júní 2008 og kveður kreditkorti sínu frá varnaraðila þá hafa verið stolið. Voru sóknaraðila færðar til skuldar á greiðslukortareikning sinn átta úttektir frá kl. 00.03.16 til kl. 13.42.40 þann dag, samtals að fjárhæð 1.910 sterlingspund. Sóknaraðili tilkynnti kortið glatað kl. 08.47 hinn 2. júní 2008. Kvartaði sóknaraðili samdægurs yfir nefndum átta úttektum. Með bréfi varnaraðila, 11. júlí 2008, var sóknaraðila tilkynnt sú niðurstaða að varnaraðili teldi sóknaraðila ábyrgan fyrir umræddum úttektum. Sóknaraðili mótmælti þeirri niðurstöðu í bréfi til varnaraðila, dagsettu 15. júlí 2008. Varnaraðili ítrekaði niðurstöðu sína í bréfi til sóknaraðila, dagsettu 18. júlí 2008, og með rafpósti 22. júlí 2008. Afstaða varnaraðila var enn óbreytt.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 27. ágúst 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að viðurkennt verði að honum „*sé ekki skylt að greiða hin umdeildu 1.910 pund.*“

Sóknaraðili vísar til þess að að samkvæmt c-lið 9. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila beri korthafi sjálfsábyrgð er nemi jafnvirði 150 evra í

Íslenskum krónum hafi glatað kort verið notað af óviðkomandi aðila áður en hvarf þess er tilkynnt. Frá þessu sé eingöngu gerð undantekning ef korthafi hefur gerst sekur um stórfellt gáleysi eða svik, en fráleitt sé að ásaka sóknaraðila um slíkt. Kveðst sóknaraðili hvorki hafa látið öðrum í té persónulegt innsláttarnúmer né geymt það með korti sínu. Hafi hann og gert allt sem í sínu valdi stóð til að takmarka eigi tjón vegn umræddra færslna og látið loka kortinu um leið og hann varð þess var að það hefði tapast.

Sóknaraðili bendir jafnframt á 16. gr. laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33, 2005 og 8. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 65/2002.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að samkvæmt c-liðar 3. gr. almennra viðskiptaskilmála sinna komi persónulegt innsláttarnúmer í stað undirskriftar korthafa á sölunótu sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsagreiðslutækjum. Sé korthafa hvorki heimilt að láta númerið í hendur öðrum né geyma það með kortinu. Sé korthafi ábyrgður fyrir öllum úttektum, sem staðfestar hafa verið með nefndu númeri. Þá beri korthafa að gæta kortsins á sama hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta og sé ábyrgur fyrir því að að óviðkomandi geti ekki komist yfir það, sbr. g-lið 3. gr.

Varnaraðili bendir á að þær úttektir, sem um sé deilt í málinu, séu allar framkvæmdar í hraðbanka eða posa og hafi kortið sjálft verið notað í viðskiptunum. Þá hafi persónulegt innsláttarnúmer verið slegið inn í öllum tilvikum. Beri sóknaraðili því ábyrgð á úttektunum.

#### V.

##### **Niðurstaða.**

Ágreiningur aðila í máli þessu snýst um átta úttektir á kreditkortareikning sóknaraðila hinn 1. júní 2008, sem hann kveðst enga ábyrgð bera á. Samkvæmt b-lið 3. gr. viðskiptaskilmála varnaraðila skal korthafi rita nafn sitt eigin hendi á sölunótu eða skrá sjálfur sérstakt leynilegt og persónulegt innsláttarnúmer, svokallað pin-númer. Með áritun á sölunótu eða innslætti á persónulegu innsláttarnúmeri samþykkir korthafi þau viðskipti sem tilgreind eru á sölunótu. Sé kortið notað í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum kemur persónulegt innsláttarnúmer í stað undirskriftar korthafa á sölunótu, sbr. c-lið 3. gr. Er korthafa hvorki heimilt að láta innsláttarnúmerið öðrum í té né geyma það með kortinu. Í d-lið 3. gr. er tekið fram að korthafi sé ábyrgur fyrir öllum úttektum sem staðfestar séu með persónulegu innsláttarnúmeri. Í g-lið 3. gr. er mælt fyrir um að korthafi sé ábyrgur fyrir varðveislu kortsins þannig að óviðkomandi geti ekki komist yfir það. Beri honum og að gæta þess á sama örugga hátt og peninga, tékka og annarra verðmæta.

Í máli þessu liggur fyrir að fyrsta úttekt, sem sóknaraðili kveður aðra hafa framkvæmt, átti sér stað kl. 00.03 hinn 1. júní 2008 og hinn síðasta kl. 13.42 þann dag. Kortinu var lokað kl. 08.47 hinn 2. júní 2008 eftir að sóknaraðili hafði tilkynnt til varnaraðila að því hefði verið stolið. Frá kl. 00.03 til kl. 13.42 voru framkvæmdar átta úttektir á kortið, samtals að fjárhæð 1.910 sterlingspund. Voru allar úttektirnar staðfestar með persónulegu innsláttarnúmeri sóknaraðila. Kemur slíkt númer í stað undirskriftar sóknaraðila á sölunótu og þegar um er að ræða úttektir í hraðbönkum eða öðrum sjálfsafgreiðslutækjum. Ber hann því ábyrgð á öllum þeim úttektum sem framkvæmdar eru með þeim hætti.

Ákvæði laga um fjarsölu á fjármálaþjónustu nr. 33, 2005 geta ekki breytt framangreindri niðurstöðu. Gildissvið laganna er bundið við fjarsölusamninga, sbr. 1. gr. þeirra. Í 5. tölul. 4. gr. laganna er fjarsölusamningur skilgreindur sem samningur á milli neytanda og þjónustuveitanda um fjármálaþjónustu, sem er liður í skipulegri fjarsölu þjónustuveitanda og þar sem eingöngu er notuð fjarskiptaaðferð fram að og við stofnun samningsins. Er þetta frekar skýrt í athugasemdum við 5. tölul. 4. gr. frumvarps, sem varð að lögum nr. 33, 2005. Samkvæmt gögnum, sem úrskurðarnefndin hefur aflað, ritaði sóknaraðili undir sérstaka umsókn um greiðslukort. Eiga ákvæði laganna þegar af þeirri ástæðu ekki við í því máli sem hér er til úrlausnar.

Með vísan til alls framanritaðs verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækisins F, er hafnað.

Reykjavík, 13. nóvember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

### Sérálit

#### Hildigunnar Hafsteinsdóttur

Ég hef ekki athugasemdir við lýsingu annarra nefndarmanna á málavöxtum og úttektarupphæðum, en er hins vegar ósammála niðurstöðu þeirra.

Í d-lið 3. gr. almennra viðskiptaskilmála varnaraðila kemur fram að korthafi beri ábyrgð á öllum færslum sem gerðar eru með PIN númeri. Í 9. gr. sömu skilmála er hins vegar fjallað um ábyrgð korthafa vegna notkunar korts sem tilkynnt hefur verið glatað. Kemur þar fram að korthafi beri sjálfsábyrgð að upphæð 150 evrur vegna notkunar óviðkomandi aðila áður en kort er tilkynnt glatað en jafnframt að hann sé ábyrgur fyrir allri notkun sé um stórfellt gáleysi eða svik korthafa að ræða. Verður að telja að nokkurt misræmi sé milli þessara tveggja greina. Þá ber og að hafa í huga að um staðlaða samningsskilmála, sem samdir eru einhliða af varnaraðila, er að ræða en engin lög gilda beinlínis um greiðslukort. Verður því, við meðferð málsins, að hafa í huga ákvæði samningalaga nr. 7/1936, sér í lagi 36. gr., 36. gr. b. og 36. gr. c. Verður að telja að ákvæði d-liðar 3. gr. skilmálanna leggi of þungar byrðar á korthafa og það verði að skoða í samræmi við 9. gr. Í málinu liggur eingöngu fyrir að úttektir fóru fram með PIN númeri en ekki má ráða neitt af gögnum málsins um það hvernig

óviðkomandi aðili hefði getað komist yfir það númer. Verður að telja ósanngjarnt gagnvart hagsmunum korthafa að hann beri undantekningarlaust ábyrgð á úttektum gerðum með PIN númeri án þess að frekari gögn liggi fyrir.

Hér má og geta þess að í skilmálum vegna Debet-korta er ekki að finna sams konar ákvæði, heldur eru þar settar fram ákveðnar reglur, sem korthafi skuldbindur sig til að fara eftir, um varðveislu PIN-númera. Virðist þá vera skilyrði ábyrgðar að korthafi hafi vanrækt að varðveita PIN-númerið á tilhlýðilegan hátt. Ætti því varnaraðila að vera kleift að setja samsvarandi reglur, sem gera það þá að skilyrði ábyrgðar að korthafi hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi við varðveislu PIN-númers. Í gögnum málsins er hins vegar ekki finna neitt um slælega varðveislu númersins.

Þó virðist mega ráða af andsvörum varnaraðila að byggt sé á því að sóknaraðili hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi en fram kemur í svari varnaraðila til nefndarinnar að varnaraðili túlki c-lið 9. gr. með þeim hæti að „*hafi PIN númer verið notað til staðfestingar á viðskiptum með korti í hraðbanka/posa („card-present“) sem síðar er tilkynnt glatað sé um stórkostlegt gáleysi að ræða af hálfu korthafa og korthafi beri alla ábyrgð á tjóni sínu.*“ Þessi sama afstaða kemur fram í öðrum gögnum málsins. Því virðist í raun sem varnaraðili túlki sjálfur d-lið 3. gr. í samhengi við c-lið 9. gr., enda bendi notkun korts með PIN númeri af hálfu ótengds aðila til stórkostlegs gáleysis korthafa.

Í öðrum gögnum málsins kemur fram sú skoðun varnaraðila að sá sem stal kortinu hljóti að hafa séð korthafa nota PIN númerið áður en stuldurinn átti sér stað. Ekki verður fallist á þessa túlkun varnaraðila á því hvað teljist stórkostlegt gáleysi. Það að einhver, t.a.m. í verslun (þar sem PIN númera er krafist í auknum mæli), hafi séð sóknaraðila slá inn PIN númer sitt verður í mesta falli talið einfalt gáleysi en ekki stórkostlegt. Þá ber og að hafa í huga að með aukinni tækni er vel mögulegt fyrir óprúttna aðila að nálgast PIN númer og er slíkt vel þekkt, sér í lagi erlendis. Verður því að telja að ekki hafi verið sýnt fram á stórkostlegt gáleysi, sem verður samkvæmt framansögðu að teljast skilyrði ábyrgðar í þessu tilviki, og hlýtur varnaraðili að bera hallann af því.

Með hliðsjón af framansögðu verður einnig að telja að afdráttarlaus regla varnaraðila um að korthafi beri ábyrgð á öllum úttektum sem staðfestar eru með PIN númeri sé ósanngjörn og ekki verði byggt á henni undantekningarlaust eða án samræmistúlkunar við önnur ákvæði þeirra skilmála sem um ræðir.

Með vísan til alls framanritaðs tel ég að fallast eigi á kröfur sóknaraðila í málinu.

Reykjavík, 13. nóvember 2008.

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 28. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 11/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjármálafyrirtækinu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru, M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og fjármálafyrirtækið F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 1. september 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 12. september 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 14. október 2008. Bréfið var sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 15. október 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum. Þær bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 7., 13., 21. og 28. nóvember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Aðilar máls þessa gerðu með sér fjármögnunarsamning 11. apríl 2005 þar sem tiltekið var að varnaraðili stefndi að því að fjármagna að hluta byggingu 18 íbúða fjölbýlishúss. X Mun áætlaður framkvæmdakostnaður hafa verið kr. 235.696.169. Stefndi varnaraðili að því að lána sóknaraðila allt að 80% af byggingarkostnaði byggingarframkvæmdar á tilgreindu byggingarstigi, enda færi lánshlutfall aldrei upp fyrir 70% af áætluðu markaðsverði byggingarframkvæmdarinnar á hverjum tíma. Ítarleg ákvæði voru í samningnum um lánskjör og tryggingar, en vextir skyldu vera breytilegir og ákvarðast af varnaraðila á hverjum tíma. Með skilyrtum lánssamningi, dagsettum sama dag, samþykkti varnaraðili að stefna að því að lána sóknaraðila allt að kr. 188.556.935 vegna byggingar ofangreinds fjölbýlishúss. Skyldi lánið greiddast að fullu með einni greiðslu á gjalddaga, sem átti í síðasta lagi að vera 2. ágúst 2006.

Hinn 2. maí 2006 samþykkti varnaraðili að veita sóknaraðila bankaábyrgð gagnvart A í Danmörku, allt að fjárhæð 151.606 evrur gegn tiltekinni þóknun.

Með tryggingarbréfi, dagsettu 24. júlí 2006 setti sóknaraðili varnaraðila að veði með 1. veðrétti fasteigninni B til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á skuldum félagsins við varnaraðila að höfuðstóli kr. 50.000.000. Var það í samræmi við lánssamning aðila, dagsettan sama dag, um lán að fjárhæð kr. 10.460.561, sem sóknaraðili skyldi endurgreiða varnaraðila 2. janúar 2007. Gekkst fyrirvarsmáður sóknaraðila, N, í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á allri skuldinni. Sams konar samningur var gerður milli sóknaraðila og varnaraðila 8.

nóvember 2006 um lán að fjárhæð kr. 17.357.143 með gjalddaga 2. janúar 2007 og samþykkti N þann samning einnig sem sjálfskuldarábyrgðarmaður.

Sóknaraðili gaf að nýju út tryggingarbréf til varnaraðila 4. desember 2006 að fjárhæð kr. 100.000.000, sem tryggt var með 2. veðrétti að fasteigninni B. Þann dag var jafnframt gerður lánsamningur milli aðila um lán að fjárhæð kr. 26.746.276, sem greiðast skyldu 2. janúar 2007, og gekkst nefndur N í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar greiðslu skuldarinnar. Enn var gerður lánsamningur milli aðila 14. desember 2006, að þessu sinni um lán að fjárhæð kr. 3.091.837 og var umsaminn gjalddagi 2. maí 2007. Gekkst téður N enn í sjálfskuldarábyrgð.

Með bréfi, dagsettu 1. ágúst 2007, fór sóknaraðili fram á það við varnaraðila að hann endurgreiddi sóknaraðila vexti að fjárhæð kr. 27.500.000, auk mismunar á áföllnum dráttarvöxtum og samningsvöxtum við uppgjör skuldabréfa, sem gefin voru út við upphaf framkvæmda að fasteigninni B.

Með kaupsamningi, dagsettum 2. ágúst 2007, seldi sóknaraðila fasteignina B fyrir kr. 150.000.000, en hún var þá enn í byggingu. Skuld sóknaraðila við varnaraðila nam þá kr. 80.288.149, en yfirtekin voru áhvílandi lán að fjárhæð kr. 77.522.524 og var þá miðað við afhendingu eignarinnar, sem fram fór 30. apríl 2007. Skuldir sóknaraðila við varnaraðila voru hinn 3. ágúst 2007 kr. 100.964.488, að veittum kr. 500.000 afslætti, samkvæmt yfirlýsingu varnaraðila. Samþykkti varnaraðili að framselja tryggingarbréf sín á fasteigninni B gegn greiðslu á þeirri skuld. Gögn málsins bera með sér að hinn 8. ágúst 2007 voru varnaraðila, fyrir milligöngu fasteignasala, greidd skuld samkvæmt síðastgreindum fjórum lánsamningum, samtals kr. 67.912.941. Þar af voru kr. 9.619.468 vegna dráttarvaxta. Þá var einnig m.a. greitt upp enn eitt lánið með kr. 10.534.000, þar af kr. 1.658.405 í dráttarvexti. Með samkomulagi aðila, dagsettu 28. ágúst 2007, staðfesti sóknaraðili að skulda varnaraðila kr. 3.728.100 vegna tímabundins láns vegna þinglýsingargjalda bréfa frá Íbúðarlánasjóði. Skyldi upphæðin greidd til baka eigi síðar en 1. október 2008.

Með kvörtun, dagsettri 28. nóvember 2007, kvartaði áður nefndur N, undan viðskiptum sóknaraðila og varnaraðila, sbr. mál nr. 14/2007. Með úrskurði nefndarinnar, dagsettum 16. maí 2008, var málinu vísað frá úrskurðarnefndinni. Er málið nú öðru sinni lagt fyrir úrskurðarnefndina á grundvelli sömu gagna, að þessu sinni í nafni sóknaraðila.

Mál þetta barst úrskurðarnefndinni með kvörtun, dagsettri 28. nóvember 2007.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 32.211.949, auk dráttarvaxta frá 1. september 2007 til greiðsludags. Til vara krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að greiða sóknaraðila kr. 32.211.949, auk dráttarvaxta af kr. 27.500.000 frá 1. september 2007 til uppkvaðningar úrskurðar nefndarinnar, en af kr. 32.211.949 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst sóknaraðili hæfilegs málskostnaðar vegna rekstrar málsins fyrir nefndinni.

Sóknaraðili styður kröfur sínar þeim rökum að sökum þess hversu lengi varnaraðili hafi dregið að gefa út bankaábyrgð til kaupa á gluggum í fjölbýlishúsið X hafi sóknaraðili orðið fyrir um kr. 50.000.000 fjármagnskostnaði, sem áður hafi verið áætlaður kr. 13.000.000. Stafi þetta af drætti á verklokum frá október 2006 til júní 2007, sem rakinn verði til aðgerða varnaraðila. Gerir sóknaraðili kröfu um kr. 25.000.000 vegna tafa á veitingu bankaábyrgðar, en vaxtakostnaður hans á tímabilinu frá 1. nóvember 2006 til 1. ágúst 2007 hafi numið kr. 25.105.840. Telur sóknaraðili

eðlilegt að varnaraðili greiði honum þann ólögmeta ávinning sem varnaraðili hafi skapað sér með vanefndum sínum á útgáfu bankaábyrgðar.

Í annan stað kveður sóknaraðili varnaraðila hafa synjað um útgáfu skilyrts veðleyfis vegna fasteignarinnar B. Hafi yfirtaka kaupanda eignarinnar á áhvílandi lánum dregist í fjóra mánuði af þessum sökum og varnaraðili reiknað sér dráttarvexti þann tíma. Hefðu vaxtagreiðslur sóknaraðila orðið kr. 2.500.000 lægri ef ekki hefði komið til nefndrar synjunar varnaraðila.

Í þriðja lagi telur sóknaraðili að við gerð lánsamninga í júlí, nóvember og desember 2006 vegna byggingar síðarnefndrar fasteignarinnar hafi varnaraðila verið ljóst að treyst væri á að hefðbundnir fjármögnunarsamningar yrðu gerðir um verkið. Af því hafi hins vegar ekki orðið og hafi varnaraðili reiknað sér kr. 13.183.768 í dráttarvexti frá 2. janúar 2007 á meðan reiknaðir samningsvextir hefðu orðið kr. 8.471.819. Gerir sóknaraðili kröfu um að sér verði endurgreiddur mismunurinn kr. 4.711.949.

Varakrafa sóknaraðila miðast við að varnaraðila verði gert að bæta sóknaraðila vaxtatjón hans á tímabilinu frá 28. október 2005 til 2. maí 2006 til þess tíma er varnaraðili veitti bankaábyrgð. Hafi vaxtagreiðslur sóknaraðila verið lægri á þessu tímabili, eða samtals kr. 9.079.000.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila.**

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili kveður framkvæmdir við X hafa gengið vel til að byrja með. Síðan hafi orðið tafir á verkinu, m.a. vegna þess að sóknaraðili fékk ekki bankaábyrgð til gluggakaupa hjá viðskiptabanka sínum og hafi varnaraðili orðið að leysa það mál, m.a. í ljósi þeirra hagsmuna sem varnaraðili hafði af því að verkið ynnist áfram. Tafir á verkinu og framkvæmdahraði þess hafi hins vegar alfarið verið á ábyrgð sóknaraðila. Hafi tafirnar leitt til þess að lán varnaraðila féllu í gjalddaga og sóknaraðili lent í ýmsum vanskilum, en varnaraðili hafi leitast við að hjálpa sóknaraðila í þeim efnum.

Varnaraðili kveður þær kröfur, sem settar hafi verið fram í bréfi N, dagsettu 1. ágúst 2007, um kr. 25.000.000 afslátt og viðbótarniðurfellingu að fjárhæð kr. 2.500.000 hafa verið algerlega órökstuddar og fullkomlega óraunhæfar og hafi þeim strax verið hafnað af hálfu varnaraðila. Kveður varnaraðili aldrei hafa verið reiknaða dráttarvexti vegna X, þrátt fyrir að samningur hafi verið gjaldfallinn í meira ár, heldur eingöngu umsamdir óverðtryggðir samningsvextir, auk þess sem aldrei hafi verið reiknaður lögfræðikostnaður þótt full ástæða hafi verið til. Þá kveður varnaraðili meintar tafir á gerð kaupsamnings um fasteignina B algerlega vera á ábyrgð kaupanda og/eða seljanda eignarinnar.

Varnaraðili vísar til þess að kröfum sóknaraðila hafi ekki að öllu leyti verið hafnað af varnaraðila. Hafi varnaraðili samþykkt að veita sóknaraðila afslátt, annars vegar að fjárhæð kr. 750.000, sem falist hafi í sparnaði á stimpilgjöldum með framsali tryggingarbréfa, og hins vegar með beinni lækkun vaxta, sem hafi þegar upp hafi verið staðið numið kr. 795.862. Hafi afsláttur því numið alls kr. 1.545.862. Þá hafi varnaraðili lánað sóknaraðila kr. 3.728.100 til greiðslu stimpil- og þinglýsingarkostnaðar vegna bréfa frá Íbúðarlánisjóði, sem hvíli á X. Láðst hafi að telja þessar skuldir með skuldum sóknaraðila við varnaraðila við gerð kaupsamnings, en úr því hafi verið bætt með samkomulagi, dagsettu 28. ágúst 2007. Hafi varnaraðili þá samþykkt að lána sóknaraðila umrædda fjárhæð allt til 1. október 2008, en greiðsla skuldarinnar sé

tengd lokauppgjöri sóknaraðila við kaupanda að X. Nemi skuldin nú kr. 4.714.437, en varnaraðili hafi nýlega veitt sóknaraðila greiðslufrest til 1. nóvember 2008.

Varnaraðili telur að fullt samkomulagt hafi ríkt í uppgjöri sínu og sóknaraðila Hafi varnaraðila veitt verulegan afslátt, auk þess sem hann hafi reiknað kröfur án dráttarvaxta og kostnaðar, sem falið hafi í sér frekari lækkun.

## V.

### Niðurstaða.

Ágreiningur í máli þessu er risinn af lántökum sóknaraðila hjá varnaraðila og samningum þeim tengdum í tilefni af byggingarframkvæmdum sóknaraðila, annars vegar að fjölbýlishúsi X og hins vegar að fasteigninni B.

Sóknaraðili byggir í fyrsta lagi á því að hann hafi orðið fyrir um kr. 50.000.000 fjármagnskostnaði, sem áður hafði verið áætlaður kr. 13.000.000. Verði kostnaðaraukinn að verulegu leyti rakinn til dráttar varnaraðila á að gefa út bankaábyrgð til kaupa á gluggum í fjölbýlishúsið X, sem leitt hafi til þess að verklok drógust frá október 2006 til júní 2007. Gerir sóknaraðili aðallega kröfu um kr. 25.000.000 vegna hinna ætluðu tafa varnaraðila á að veita bankaábyrgð. Varnaraðili heldur því hins vegar fram að aldrei hafi staðið til að hann myndi veita umrædda bankaábyrgð, enda heyri slíkt til undantekninga í starfsemi hans. Þá hafi sóknaraðili og fullyrt að viðskiptabanki hans myndi veita umrædda ábyrgð. Varnaraðili hafi hins vegar síðar þegar málið var í sjálfheldu gefið út nefnda bankaábyrgð, m.a. í ljósi þeirra hagsmuna, sem hann hafði af því að verkið ynnist áfram.

Af gögnum málsins verður ekki ráðið að varnaraðili hafi skuldbundið sig til að gefa út bankaábyrgð vegna kaupa á gluggum í nefnt fjölbýlishús fyrr en raun varð á. Gegn andmælum varnaraðila verður að telja slíkt ósannað. Verður því þá þegar af þessum ástæðum að hafna þessum kröfuleið.

Í öðru lagi gerir sóknaraðili kröfu um kr. 2.500.000 úr hendi varnaraðila og byggir á því að vaxtagreiðslur sínar hafi verið hærri, sem nemi þeirri fjárhæð, vegna synjunar varnaraðila á að gefa út skilyrt veðleyfi vegna fasteignarinnar B í apríl 2007. Hafi yfirtaka kaupanda eignarinnar á áhvílandi lánnum dregist í fjóra mánuði af þessum sökum og varnaraðili reiknað sér dráttarvexti þann tíma.

Með áður nefndum kaupsamningi sóknaraðila og C., seldi sóknaraðili téðu félagi 22 íbúðir, tvö verslunar- og þjónusturými og félagsaðstöðu, ásamt geymslum, bílgeymslu og bílastæðum. Var umsamið kaupverð kr. 150.000.000 og skyldi m.a. greitt með yfirtöku lána kr. 77.522.524 miðað við afhendingardag 30. apríl 2007. Við undirritun kaupsamningsins, sem gerður var 2. ágúst 2007, var staða lánanna kr. 80.288.149 og var umsamið að kaupandi tæki á sig mismuninn. Kaupverð og greiðsla þess var að hluta bundin ákveðnum forsendum. Samþykki varnaraðila á yfirtöku kaupanda á skuldum eða útgáfa skilyrts veðleyfis til handa kaupanda hlaut eðli máls samkvæmt að fylgja gerð kaupsamnings. Sóknaraðili hefur ekki sýnt fram á að ætlaðar tafir á yfirtöku C. á fasteigninni að Miðvangi 6 verði raktar til athafna eða athafnaleysis varnaraðila og slíkt verður heldur ekki ráðið af gögnum málsins. Verður því að hafna þessum kröfuleið sömuleiðis.

Loks gerir sóknaraðili kröfu til þess að varnaraðili greiði sér kr. 4.711.949 sem sé mismunur á dráttarvöxtum, er varnaraðili hafi reiknað sér frá 2. janúar 2007, kr. 13.183.768, og reiknaðra vaxta samkvæmt hefðbundnum fjármögnunarsamningum, kr. 8.471.819. Hafi varnaraðila verið ljóst við gerð lánssamninga í júlí, nóvember og desember 2006 vegna byggingar X, sem voru með gjalddaga í desember 2007 að treyst væri á að slíkir samningar yrðu gerðir um verkið.



Fyrrgreind eign var samkvæmt kaupsamningi afhent kaupanda 30. apríl 2007. Gjalddagi nefndra lánessamninga var í desember 2007, en kaupandi yfirtók umræddar skuldir eins og fyrr sagði. Í kaupsamningi er þess getið að fallist varnaraðili á að lækka vaxtakröfu sína skuli sú lækkun skiptast að jöfnu milli sóknaraðila og kaupanda fasteignarinnar og skuli sú fjárhæð, sem í hlut sóknaraðila kæmi, greidd honum um leið og gert hefði verið upp við varnaraðila. C tók samkvæmt kaupsamningi félagsins og sóknaraðila við umræddum lánum við varnaraðila og greiddi umsamið kaupverð m.a. með þeim hætti. Í samningnum er beinlínis ráð fyrir því gert að C greiði hluta af hugsanlegri eftirgjöf varnaraðila á vöxtum til sóknaraðila og þar með að C, sem greiðandi skuldanna verði eðlilega viðsemjandi varnaraðila í þeim efnum. Þá liggur ekkert fyrir, sem styður sérstaklega að varnaraðili hafi mátt vera ljóst að sóknaraðili hafi treyst á að varnaraðili gerði við hann hefðbundna fjármögnunarsamninga. Verður heldur ekki séð að sóknaraðili hafi skuldbundið sig til slíkrar samningsgerðar. Með vísan til þess sem hér hefur verið rakið verður því einnig að hafna þessum kröfandi sóknaraðila.

Samkvæmt öllu framansögðu er það niðurstaða úrskurðarnefndarinnar að hafna beri öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M., á hendur varnaraðila, fjármálafyrirtækinu F. er hafnað.

Reykjavík, 28. nóvember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 7. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Helgi Sigurðsson og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 12/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingarfélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 9. september 2008 með kvörtun A, f.h. sóknaraðila, dagsettri 8. sama mánaðar, og beindist kvörtunin að F. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 9. september 2008, var kvörtunin send félaginu og því gefið kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör bankans bárust með bréfi hans, dagsettu 30. september 2008. Var það sent umboðsmanni sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. október 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi umboðsmannsins, dagsettu 7. október 2008.

Með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins, dagsettri 9. október 2008, um ráðstöfun eigna og skulda F. var kröfuréttindum félagsins ráðstafað til varnaraðila, sem þá hét NF., og ákveðið að varnaraðili tæki m.a. við öllum ábyrgðum, sem tengdust kröfum hins fyrrnefnda félags, svo og starfsemi þess að því er varðaði þær eignir sem framseldar voru til varnaraðila. Hefur varnaraðili því tekið við aðild málsins varnarmegin.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 16. október, 23. október og 7. nóvember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 15. ágúst 2006 gekkst sóknaraðili í sjálfskuldarábyrgð til tryggingar skilvísri og skaðlegri greiðslu af skuldabréfi, útgefnu sama dag til varnaraðila af X, að fjárhæð kr. 1.100.000. Kom fram í skuldabréfinu að sóknaraðili staðfesti með undirritun sinni að hafa kynnt sér efni upplýsingabanka varnaraðila um persónuábyrgðir og veðtryggingar. Sama dag ritaði sóknaraðili ásamt skuldara undir niðurstöður greiðslumats þar sem þeir staðfestu að hafa fengið afhent, kynnt sér og skilið matið og samþykkt það sem fullnægjandi fyrir sig. Jafnframt ritaði sóknaraðili undir staðfestingu þess efnis að meirihluta lánsins yrði varið til greiðslu skulda lántaka við varnaraðila og/eða aðrar fjármálastofnanir.

Vanskil urðu á greiðslu lánsins og gekk varnaraðili að sóknaraðila og gerði fjárnám í fasteign sóknaraðila 26. ágúst 2008. Umboðsaðili sóknaraðila hafði símasamband við varnaraðila vegna málsins, fyrst í janúar 2008, og stóð síðan í

rafpóstsamskiptum við hann í ágúst og september 2007 þar sem óskað var niðurfellingar sjálfskuldarábyrgðar sóknaraðila. Erindi þar að lútandi var loks hafnað með rafpósti varnaraðila 4. september 2008.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 8. september 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að hann verði leystur undan sjálfskuldarábyrgð sinni á skuldabréfi, sem X gaf út til varnaraðila 15. ágúst 2006. Þá gerir sóknaraðili jafnframt þá kröfu að fellt verði niður fjárnám, sem gert var í fasteign sóknaraðila hinn 26. ágúst 2008.

Af hálfu sóknaraðila er vísað til þess að honum hafi ekki verið kynnt mat á greiðslugetu skuldara. Þá kveður sóknaraðili varnaraðila hafa mátt vera það ljóst að hann væri ekki þess umkominn að ábyrgjast lán fyrir aðra þar sem hann ætti meira en nóg með að standa undir eigin skuldbindingum. Hefði varnaraðili og átt að kanna skilning sóknaraðila á inntaki fjármagnsgerninga, en sú könnun hefði orðið til þess að varnaraðili hefði hafnað sóknaraðila sem ábyrgðarmanni. Ennfremur vísar sóknaraðili til þess að hann sé illa lesblindur og hafi tollað illa í skólum á skólaskyldualdri og hafi því ekki náð miklum árangri á þeim sviðum lífsins, sem krefjist lesturs og bóklegar færni.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili vísar til þess að greiðslugeta skuldara hafi verið metin vegna lántökunnar eins og skylt sé samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Hafi sóknaraðila, sem sé lögráða, verið kynnt greiðslumatið og gerð grein fyrir þeirri ábyrgð sem hann væri að takast á hendur. Hafi skuldari og sóknaraðili því næst skrifað undir greiðslumatið í viðurvist þjónustufulltrúa. Hafi sóknaraðili þótt koma eðlilega fyrir virst vel vita hvað hann væri að gera. Hafi þjónustufulltrúi ekkert séð, sem gefið hafi til kynna að sóknaraðili væri greindarskertari en fólk er flest. Hafi hann því verið talinn þess vel umkominn að gangast undir sjálfskuldarábyrgð fyrir X.

Varnaraðili bendir jafnframt á að sóknaraðili hafi skrifað undir skjal þess efnis að honum væri kunnugt um að ráðstafa ætti andvirði lánsins til að greiða upp aðrar skuldir skuldara við varnaraðila.

### V.

#### Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili þess að hann verði leystur undan sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi, sem X gaf út til varnaraðila 15. ágúst 2008. Þá er þess jafnframt krafid að fjárnám í íbúð sóknaraðila verði fellt niður. Af gögnum málsins verður ráðið að varnaraðili hafi metið greiðslugetu skuldara svo sem skylt var samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga. Þá hefur sóknaraðili og staðfest með undirritun sinni á skjöl þar að lútandi að honum hafi verið kynntar niðurstöður greiðslumatsins, svo og að lánsfjárhæðinni yrði ráðstafað til annarra skulda lántaka.

Fyrir úrskurðarnefndinni liggur að úrskurða í málinu á grundvelli þeirra gagna sem lögð hafa verið fyrir nefndina. Ekki liggja fyrir upplýsingar um annað en að

sóknaraðili sé sjálfráða og fjárráða og þar með lögráða. Engin gögn hafa verið lögð fram um ætlaða einfaldni sóknaraðila eða fákunnáttu eða andlegar takmarkanir hans að öðru leyti. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á að varnaraðila hafi verið eða mátt vera kunnugt um slíka annmarka. Verður ekki annað ráðið en að varnaraðili hafi með eðlilegum hætti staðið að samskiptum við sóknaraðila í tengslum við sjálfskuldarábyrgð sóknaraðila og að öllu leyti fylgt þeim kröfum, sem gerðar eru til varnaraðila samkvæmt samkomulagi um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga.

Með vísan til þessa og að öðru leyti til þess, sem að framan er rakið, verður eins og mál þetta liggur fyrir nefndinni, ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, NF., er hafnað.

Reykjavík, 7. nóvember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Helgi Sigurðsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, mánudaginn 15. desember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 13/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingafélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 8. september 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 16. september 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust 29. október 2008 með ódagsettu bréfi hans. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 30. október 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi A f.h. M. Var bréfið sent varnaraðila með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 21. nóvember 2008, og honum gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum og gögnum. Bárust þau með bréfi varnaraðila, dagsettu 26. nóvember 2008. Voru gögnin send A f.h. sóknaraðila, með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 28. nóvember 2008, og því gefinn kostur á að koma að athugasemdum fyrir hans hönd. Svar barst með bréfi A, dagsettu 11. desember 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 12. og 15. desember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili mun hafa átt innstæðu á bankareikningi hjá X í Bandaríkjum Norður-Ameríku, ásamt N. Óskuðu þau eftir úttekt á 7.000 bandaríkjadöllum þann 17. ágúst 1998. Hinn 26. ágúst 1998 gaf bankinn út tékka að fjárhæð 6.914,24 bandaríkjadali til handa sóknaraðila og N og 2. desember 1998 tékka að fjárhæð 50.597,13 bandaríkjadali. Var síðarnefndi tékkinn keyptur af FF, 9. desember 1998 og kr. 1.765.085,50 lagðar inn á reikning sóknaraðila hjá varnaraðila nr. 1101-15-550696 og sama fjárhæð inn á reikning sóknaraðila nr. 1101-15-550697. Á næstu árum var jafnt og þétt tekið út af reikningunum uns þeir voru eyðilagðir, sá fyrrnefndi 13. september 2002, en sá síðargreindi 31. október 2002.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 8. september 2008.

### III.

Sóknaraðili „óskar eftir því að [úrskurðar]nefndin veiti atbeina sinn í að finna peningana, m.a. með því að afla upplýsinga frá X." Eftir að hafa fengið upplýsingar um greiðslu andvirðis síðarnefnds tékka inn á nefnda reikninga, snýr ósk þessi eingöngu að fyrrgreinda tékkanum. Þá fer sóknaraðili fram á afrit af úttektarbeiðnum af nefndum tveimur reikningum sínum og að sýnt verði hver hafi tekið út af reikningunum. Loks gerir sóknaraðili þá kröfu að hann fái afrit af gögnum, sem varnaraðili hafi sent nafngreindum lögmanni vegna málsins.

Sóknaraðili kveðst aldrei hafa séð neina fjármuni frá nefndum banka, en telur að varnaraðili og/eða FF. hafi tekið við fénu. Kveður sóknaraðili sér hafa gengið illa að fá upplýsingar um afdrif þess.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili vísar til gagna málsins um innlausn tékka að fjárhæð 50.597,13 bandaríkjadalir hjá FF. og innlegg þess banka inn á tvo reikninga hjá varnaraðila. Hins vegar verði ekki séð að tékki að fjárhæð 6.919,24 hafi borist varnaraðila til innlausnar. Þá hafi hann heldur ekki borist FF til innlausnar samkvæmt upplýsingum þess banka. X ætti hins vegar að geta upplýst um innlausn tékkans.

Varnaraðili kveður sóknaraðila sjálfan hafa tekið fé út af reikningum sínum, svo og son hans, sem haft hafi til þess umboð sóknaraðila.

### V.

#### Niðurstaða.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfu viðskiptamanns, sem ekki verður metin til fjár.

Í máli þessu fer sóknaraðili fram á að úrskurðarnefndin veiti atbeina sinn í að hafa upp á fé sóknaraðila, svo og að upplýsa hver hafi tekið fé út af reikningum hans. Þá fer sóknaraðili fram á að fá afrit af gögnum, sem áður hafi verið send þáverandi lögmanni hans. Sóknaraðili hefur enga beina fjárkröfu uppi á hendur varnaraðila og verða framangreindar beiðnir sóknaraðila ekki metnar til fjár. Er það utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar að rannsaka hvað hafi orðið um fé sóknaraðila eða hver hafi tekið fé í hvert eitt skipti út af reikningum hans. Beiðni um upplýsingar og gögn um innlausn tékka frá X verður sóknaraðili að beina að þeim banka. Með sama hætti verður sóknaraðili að óska eftir afritum af úttektarseðlum hjá varnaraðila. Hið sama gildir um önnur gögn, sem nafngreindur lögmaður hefur aflað fyrir hönd sóknaraðila frá varnaraðila, sé ekki unnt að afla þeirra frá lögmanninum sjálfum. Er það ekki hlutverk nefndarinnar að hafa milligöngu um afhendingu slíkra gagna.

Með vísan til framanritaðs og b-liðar 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki verður því ekki hjá því komist að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 15. desember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2008, föstudaginn 28. nóvember, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 14/2008**:

**M  
gegn  
E  
og  
F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og E, og F, hins vegar, hér eftir nefnd varnaraðilar, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 25. september 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfum nefndarinnar, dagsettum 26. september 2008, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila E. bárust með bréfi hans, dagsettu 17. október 2008, og svör varnaraðila F. með bréfi hans, dagsettu 22. sama mánaðar. Voru bréfin send sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 22. október 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 6. nóvember 2008.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 13., 21. og 28. nóvember 2008.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili er handhafi kreditkorts, svonefnds Gull e-korts, sem varnaraðili F. gaf út, en félagið er tengt greiðslukerfi varnaraðila E, sem er umboðsaðili greiðslukorta hér á landi. Í lok mars 2008 fékk sóknaraðili yfirlit yfir notkun á kreditkortinu sínu. Var þar m.a. að finna úttekt að fjárhæð kr. 408.827, sem sóknaraðili kvaðst ekki kannast við. Um var að ræða úttekt á veitingastað í Riga í Lettlandi hinn 16. mars 2008 kl. 01.09.07 að þarlandum tíma.

Sóknaraðili gerði athugasemd við úttektina símlíðis í lok mars 2008 og bréfliga 1. apríl 2008. Gerð mun hafa verið endurkrafa í endurkröfukerfi Eog færslan færð af kortareikningi sóknaraðila á meðan beðið var svars við henni. Með bréfi varnaraðila F, dagsettu 25. júlí 2008, var sóknaraðila tilkynnt að úttektin yrði aftur færð á kortareikning sóknaraðila þar sem seljandi hefði framvísað undirrituðum úttektarseðli.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 25. september 2008.



### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fallið verði frá kröfu á hendur honum að fjárhæð kr. 408.827, auk dráttarvaxta.

Sóknaraðili kveður undirskrift sína undir úttektarseðil vera falsaða. Þá vísar sóknaraðili til þess að persónulegt innsláttarnúmer hans hafi ekki verið notað, en jafnan sé beðið um það í Lettlandi þegar um er að ræða svo háar fjárhæðir. Verði því ekki haldið fram með sanngjörnum hætti að um undirskrift sóknaraðila sé að ræða. Þá kveður sóknaraðili aðra tilraun til skuldfærslu hafa verið gerða á sama tíma. Telur sóknaraðili líklegustu atburðarrásina þá að hann hafi rétt kortið til afgreiðslumanns til að greiða fyrir drykk, sem hafi sagt að ekki hafi náðst samband eða að úttektin hafi ekki verið samþykkt. Virðist svo sem kortið hafi síðan verið misnotað þannig að í raun hafi náðst samband og úttektin verið samþykkt og undirskrift sóknaraðila fölsuð. Ennfremur telur sóknaraðili varnaraðila hafa sýnt af sér alvarlegt tómlæti með því að tilkynna honum ekki um gang mála á nokkurn hátt í yfir 100 daga, auk þess sem ekkert hafi verið aðhafst af hálfu varnaraðila vegna tilkynningar hans um fölsun fyrr en tæpum hálfum mánuði eftir að hún var lögð fram.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila E.

Varnaraðili E kveðst ekki vera aðili að viðskiptasambandi við sóknaraðila, heldur sé félagið vinnsluaðili endurkrafna fyrir varnaraðila F, sem sé útgefandi kortsins. Annist varnaraðili E samskipti við færsluhirða og útgefendur er tengist endurkröfukerfi kreditkorta. Ennfremur veiti varnaraðili E ráðgjöf varðandi endurkröfur sé þess óskað, en ákvörðun um hvernig með slíkar kröfur skuli fara sé á valdi útgefanda hverju sinni, í þessu tilviki varnaraðila F.

### V.

#### Athugasemdir varnaraðila F.

Varnaraðili F kveðst byggja niðurstöðu sína í málinu á því að ekki hafi legið fyrir nægjanlegar sannanir þess að úttekt hafi verið gerð af öðrum en korthafa. Sé ekkert sem bendi til þess að falsað kort hafi verið notað. Þá bendir varnaraðili F á að síðar hina sömu nótt, eða um einni og hálfri klukkustund eftir hina umdeildu úttekt, hafi kortið verið notað í hraðbanka í Riga og hafi sóknaraðili ekki mótmælt þeirri úttekt. Þá bendi atvik málsins ekki til þess að upplýsingum af segulrönd hafi verið stolið.

Varnaraðili kveður könnun hafa frekar leitt líkur að því að sóknaraðili hafi samþykkt úttekt, fremur en að um sviksamlega færslu hafi verið að ræða.

### VI.

#### Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili endurgreiðslu vegna úttektar af greiðslukorta-reikningi sínum hjá varnaraðila F, sem átti sér stað 16. mars 2008 á veitingastað í Riga í Lettlandi. Kveður sóknaraðili undirskrift sína á úttektarseðil vera falsaða.

Samkvæmt gr. 8.1 almennra viðskiptaskilmála varnaraðila F skuldbindur korthafi sig til að greiða að fullu allar úttektir á kreditkort hans, eins og þær koma fram á úttektarseðlum þeim, sem hann hefur áritað við úttekt. Í málinu liggur fyrir úttektarseðill vegna viðskipta við ofangreindan veitingastað með nafnárítun sóknaraðila. Hefur ekki verið sýnt fram á af hálfu sóknaraðila að undirritun hans sé fölsuð. Þá liggja ekki frammi nein gögn, sem gefa getið til kynna að upplýsingum af

segulrönd kortsins hafi verið stolið. Eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni verður því ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðilum, E og F, er hafnað

Reykjavík, 28. nóvember 2008.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 13. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 15/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingafélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 29. september 2008 og beindist kvörtunin að F. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 10. október 2008, var kvörtunin send félaginu og því gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 15. desember 2008, var FF og varnaraðila veittur lokafrestur til 22. desember 2008 til að leggja fram athugasemdir sínar og þá jafnframt tilkynnt að ef þær bærust ekki innan þess tíma yrði málið tekið til úrskurðar á grundvelli fyrirliggjandi gagna. Athugasemdir bárust ekki. Með bréfi úrskurðarnefndarinnar til varnaraðila, dagsettu 29. janúar 2009, var varnaraðila tilkynnt að með vísan til 2. másl. 5. tölul. ákvörðunar Fjármálaeftirlitsins um ráðstöfun eigna og skulda FF til varnaraðila, dagsettrar 9. október 2008, liti nefndin svo á að varnaraðili hefði tekið við aðild málsins varnarmegin. Varnaraðili mótmælti þessari afstöðu úrskurðarnefndinni með bréfi, dagsettu 9. febrúar 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. og 29. janúar og 13. febrúar 2009.

### II.

#### Aðild varnaraðila

Fjármálaeftirlitið tók 9. október 2008 ákvörðun um ráðstöfun eigna og skulda FF til varnaraðila. Var ákvæði 2. másl. 5. tölul ákvörðunarinnar svohljóðandi:

*Jafnframt tekur [varnaraðili] frá og með [9. október 2008 kl. 9.00] við réttindum og skyldum samkvæmt samningum um vörslu og eignastýringu við viðskiptavini FF.*

Varnaraðili telur að skilja verði orðalag ákvörðunarinnar svo að aðild vegna ágreinings, sem eigi rætur að rekja til samskipta fyrir umrætt tímamark, hafi ekki verið flutt frá FF til varnaraðila og hafnar því að eiga aðild að málinu.

Í nefndum málslið segir berum orðum að varnaraðili taki á nefndu tímamarki við réttindum og skyldum samkvæmt samningum um vörslu og eignastýringu við viðskiptavini FF. Verður orðalag ákvæðisins ekki skilið á annan veg en þann að varnaraðili taki við þeim réttindum, sem FF átti við greint tímamark samkvæmt þeim samningum um vörslu og eignastýringu, sem þá voru í gildi, og sömuleiðis þeim skyldum sem þá hvíldu á FF samkvæmt þeim hinum sömu samningum. Tekur

ákvæðið því til þeirra réttinda og skyldna, sem voru til staðar þann 9. október 2008 kl. 9.00, en ekki eingöngu réttinda og skyldna samkvæmt umræddum samningum, sem urðu til eftir þann tíma. Nær ákvæðið því bæði til krafna sem FF átti þá á hendur viðskiptavinum sínum og krafna sem viðsemjendur bankans samkvæmt nefndum samningum áttu á hendur honum.

Fyrir liggur að sóknaraðili gerði eignarstýringarsamning við FF 22. nóvember 2005 og hafði fyrir 9. október 2008 haft uppi kröfur á hendur bankanum vegna ætlaðra vanefnda hans á samningnum. Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að líta svo á að sú krafa beinist nú að varnaraðila og sé hann því réttur aðili til varnar í máli þessu. Hefur heiti málsins því verið breytt til samræmis við þessa niðurstöðu málsins. Vísað verður til varnaraðila F og FF jöfnum höndum sem varnaraðila í úrskurði þessum.

## II.

### Málsatvik.

Sóknaraðili gerði, ásamt A, samning um eignastýringu við varnaraðila hinn 22. nóvember 2005. Í samningnum var m.a. kveðið á um að varnaraðili skyldi taka ákvörðun um og framkvæma viðskipti með fjármálagerninga fyrir hönd sóknaraðila í samræmi við umsamda fjárfestingastefnu hverju sinni. Veitti sóknaraðili varnaraðila fullt og ótakmarkað umboð til þess að kaupa og selja slíka gerninga í samræmi við nefnda stefnu.

Í samningi aðila var mælt fyrir um að sóknaraðili gæti komið fyrir mælum sínum vegna samningsins á framfæri við varnaraðila skriflega, með símbréfi, tölvupósti eða með samtali. Bæri sóknaraðili ábyrgð á því að fyrirmæli sem bærust með umræddum hætti, stöfuðu frá honum sjálfum og væru skýr og auðskiljanleg. Væri varnaraðila heimilt að hafna því að framkvæma fyrirmæli ef þau væru óskýr að mati varnaraðila. Bæri varnaraðili enga ábyrgð á tjóni, sem viðskiptavinur kynni að verða fyrir vegna þessa. Þó skyldi varnaraðili reyna að ná sambandi við sóknaraðila og gefa honum kost á að skýra fyrirmæli. Í samningnum var ennfremur ákvæði þess efnis að varnaraðili bæri ekki ábyrgð á tjóni, sem viðskiptavinur kynni að verða fyrir vegna þess að tilkynningar á milli aðila misfærust, t.d. ef tölvupóstur skilaði sér ekki til sóknaraðila, vegna tæknilegra atvika eða ógreinilegra fyrirmæla í faxi eða síma. Loks var tekið fram í samningnum að bótaábyrgð varnaraðila næði ekki til tjóns, sem sóknaraðili kynni að verða fyrir í beinum eða óbeinum tengslum við efni samningsins, t.d. vegna verðfalls verðbréfa eða veitingu bankans á þjónustu sinni samkvæmt samningnum, nema að því leyti sem slíkt kynni að leiða af vanefndum, sem rekja mætti til stórfellds gáleysis eða ásetnings af hálfu starfsmanna varnaraðila eða aðila tengdum honum.

Samkvæmt umsaminni fjárfestingastefnu skyldu innlend hlutabréf vera allt að 30% eignasafnsins. Meðal þeirra hlutabréfa sem sóknaraðili átti voru hlutabréf í X og Y. Í samtali sóknaraðila við starfsmann varnaraðila 8. nóvember 2007 mun sölu bréfanna hafa borið á góma. Í framhaldi af fundinum sendi sóknaraðila varnaraðila rafpóst þar sem sagði: „Ok þú finnur bara rétta tækifærið til þess, seljum sem sagt við fyrsta tækifæri.“

Hinn 20. nóvember 2007 spurðist sóknaraðili fyrir um það hjá varnaraðila hvort umrædd bréf hefðu verið seld. Svaraði varnaraðili því neitandi og kvað markaði erfiða og ekki bjart framundan. Sóknaraðili spurðist þá fyrir hverju sætti að bréfin hefðu ekki verið seld og var svarað með vísan til verra ástands og lækkana á mörkuðum. Síðar sama dag sendi varnaraðili rafpóst til sóknaraðila þar sem

sóknaraðili var upplýstur um gengi bréfanna og spurður að því hvort selja ætti bréfin. Sóknaraðili kvaðst hallast að því að bíða með sölu.

Þann 18. janúar 2008 kvartar sóknaraðili við varnaraðila yfir því að nefnd hlutabréf hafi ekki verið seld 8. nóvember 2007. Mun varnaraðili í framhaldinu hafa boðið sóknaraðila kr. 75.000 án viðurkenningar á bótaskyldu. Sóknaraðili kveðst hafa óskað eftir því við varnaraðila 21. febrúar 2008 að bréf hans yrðu seld og að aðilar málsins skiptu á milli sín tjóni sóknaraðila. Því hafi bankinn hafnað.

Sóknaraðili skaut máli sínu til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki með kvörtun, dagsettri 29. febrúar 2008, sbr. mál nr. 5/2008. Með úrskurði nefndarinnar, dagsettum 13. júní 2008, var máli sóknaraðila vísað frá úrskurðarnefndinni á þeim grundvelli að skilyrði 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fyrir meðferð máls hjá nefndinni hefðu ekki verið uppfyllt. Með rafpósti, dagsettum 21. júlí 2008, krafði sóknaraðili varnaraðila um kr. 1.490.090 miðað við 31. janúar 2008. Erindið var ítrekað með rafpósti 18. ágúst 2008. Varnaraðili hafnaði erindinu með rafpósti 19. ágúst 2008.

Með bréfi, dagsettu 29. september 2008, óskaði sóknaraðili endurupptöku máls nr. 5/2008. Hefur erindi hans verið tekið fyrir sem nýtt mál, sem hlaut númerið 15/2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 1.040.090, auk dráttarvaxta frá 31. janúar 2008 til greiðsludags.

Sóknaraðili byggir kröfu sína á því að varnaraðili hafi ekki framfylgt ósk hans um sölu áður nefndra hlutabréfa og hafi hann orðið fyrir verulegu fjárhagstjóni vegna þessa. Kveðst sóknaraðili hafa komið ósk sinni skýrt á framfæri við varnaraðila símleiðis og rafleiðis og hafi í rafpósti verið gerð krafa um sölu við fyrsta tækifæri.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili hefur ekki borið fram neinar efnislegar athugasemdir í máli þessu.

Rétt er að taka fram að í máli nr. 5/2008 krafðist FF. þess til vara að öllum kröfum sóknaraðila yrði hafnað. Var sú krafa studd þeim rökum að aldrei hefðu legið fyrir skýr fyrirmæli um sölu umræddra hlutabréfa. Yrði fallist á að fyrirmælin hafi verið nægjanlega skýr var þess krafist að miða yrði við verðmæti bréfanna 20. nóvember 2007, en þann dag hafi sóknaraðili hafnað því að selja bréfin. Kæmi og fram í rafpósti sóknaraðila 18. janúar 2008 að hann hafi viljað halda í nefnd hlutabréf. Sé mismunur á verðmæti bréfa sóknaraðila miðað við 8. nóvember 2007 annars vegar og 20. nóvember 2007 hins vegar kr. 154.265.

### V.

#### Niðurstaða.

Efnislegur ágreiningur í máli þessu snýr að því hvort varnaraðili hafi hinn 8. nóvember 2007 hunsað fyrirmæli sóknaraðila um sölu hlutabréfa í Y og X, svo og hvort bótaskylda sé þá fyrir hendi og loks hvort og þá hverju tjóni sóknaraðili hafi orðið fyrir verði fallist á bótaskyldu.

Eins og fyrr var rakið sendi sóknaraðili varnaraðila í framhaldi af fundi þeirra 8. nóvember 2007 þar sem sagði m.a.: „Ok þú finnur bara rétta tækifærið til þess, seljum sem sagt við fyrsta tækifæri.“ Orðalag þetta verður ekki skilið svo að í því felist skilyrðislaus fyrirmæli um sölu nefndra hlutabréfa, heldur er það lagt í mat varnaraðila að finna fyrsta rétta tækifærið til sölu bréfanna. Hafði varnaraðili því ákveðið svigrúm til að meta hvenær rétt væri að selja bréfin. Það eitt að mat varnaraðila um ætlaða þróun verðs bréfanna hafi verið röng leiðir ekki til þess að honum verði gert að bæta tjón sóknaraðila. Er þá og til þess að líta að varnaraðili hafði samkvæmt samningi aðila fullt og ótakmarkað umboð til að kaupa og selja m.a. hlutabréf og taka ákvörðun um og framkvæma slík viðskipti, enda væru þau innan umsamdrar fjárfestingastefnu. Verður sóknaraðili að bera hallann af því að hafa ekki í greint sinn orðað skilaboð sín skýrar hafi það verið ætlun hans að mæla fyrir um sölu hlutabréfanna þá þegar.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að hafna kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað.

Reykjavík, 13. febrúar 2009.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 27. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Jóhann Tómas Sigurðsson.

Fyrir er tekið **mál nr. 16/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingarfélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 7. nóvember 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. nóvember 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Erindið var ítrekað með bréfum nefndarinnar, dagsettum 15. desember 2008 og 29. janúar 2009. Svör varnaraðila bárust loks með bréfi hans, dagsettu 12. febrúar 2009. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 18. febrúar 2009, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með rafpósti A f.h. M, dagsettum 25. febrúar 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15., 29. janúar og 27. febrúar 2009.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili gerði samning um vörslureikning við varnaraðila 7. júlí 2008. Degi síðar keypti sóknaraðili svonefnd peningabréf varnaraðila að nafnverði kr. 99.150,53 á genginu 30,254 og nam kaupverðið kr. 2.999.700, en auk þess greiddi sóknaraðili kr. 300 í afreiðslugjald. Hinn 8. ágúst 2008 keypti sóknaraðili til viðbótar peningabréf varnaraðila að nafnverði kr. 7.158,68 á genginu 30,69 fyrir kr. 219.700 og greiddi að auki kr. 300 í afreiðslugjald.

Í kjölfar bankahruns í október 2008 ákvað Landsvaki hf. að slíta öllum peningamarkaðssjóðum í rekstri félagsins. Var sóknaraðila tilkynnt þar um með bréfi varnaraðila, dagsettu 28. október 2008, og jafnframt að honum yrðu greidd út 68,8% af áður metinni eign sinni í peningabréfum varnaraðila. Mun það hafa gerst 29. október 2008.

Sóknaraðili kveðst hafa hringt í varnaraðila allan október 2008 en ekki fengið skýr svör.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 7. nóvember 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðili greiði honum kr. 1.065.610.

Sóknaraðili kveðst aldrei munu hafa keypt peningabréf varnaraðili hafi hann vitað að því fylgdi snefill af áhættu. Hafi þjónustufulltrúi varnaraðila tjáð sér að bréfin væru trygg. Telur sóknaraðili ráðgjöf og markaðssetningu varnaraðila vegna peningamarkaðsbréfa sinna hafa verið ranga og ólögmæta og eigi sóknaraðili því rétt á bótum frá varnaraðila.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Kveðst varnaraðili ekki mótmæla að kaup sóknaraðila á peningabréfum varnaraðila hafi m.a. byggst á ráðgjöf varnaraðila. Hins vegar hafi ekki verið fyrirsjáanlegt á þeim tíma sem viðskiptin hafi átt sér stað að örfáum mánuðum síðar stæðu menn frammi fyrir algjöru hruni fjármálakerfis landsins með ófyrirséðum afleiðingum á stöðu og gengi á peningamarkaðsbréfum almennt. Hafi ávöxtun peningabréfa síðustu missera fyrir fall bankanna verið góð og ekki ástæða til annars en framhald yrði þar á að óbreyttum forsendum. Hafi varnaraðili því veitt ráðgjöf sína í góðri trú og í samræmi við þær upplýsingar og væntingar sem fyrir hafi legið á þeim tíma.

Varnaraðili segir jafnræðis hafa verið gætt við uppgjör og slit peningamarkaðssjóða sinna og sama hlutfall, 68,8%, verið greitt út til allra. Sé ekki unnt að taka út einstök viðskipti, sem fram hafi farið og endurgreiða mismun þeirra og útgreiddrar fjárhæðar.

### VI.

#### Niðurstaða.

Sóknaraðili krefst í máli þessu bóta vegna skerðingar á verðmæti peningabréfa varnaraðila við útgreiðslu þeirra 29. október 2008. Nemur fjárhæð kröfunnar kr. 1.065.610 og hefur varnaraðili ekki mótmælt þeirri fjárhæð. Krafa sóknaraðila virðist á því byggð annars vegar að varnaraðili hafi lofað að bréfin væru örugg og þeim fylgdi engin áhætta. Þá hafi markaðssetning og ráðgjöf varnaraðila verið röng og ólögmæt.

Sóknaraðili hefur engin gögn fært fram fyrir framangreindum fullyrðingum sínum. Er ekkert fram komið í málinu, sem styður það að varnaraðili hafi lofað sóknaraðila skaðleysi af kaupum umræddra verðbréfa eða tryggri ávöxtun þeirra. Þá hefur ekki verið sýnt fram á saknæma háttsemi varnaraðila við umrædd kaup sóknaraðila eða í aðdraganda þeirra. Það eitt að varnaraðili hafi ráðlagt sóknaraðila að kaupa nefnd verðbréf leiðir ekki sjálfkrafa til bótaskyldu hans.

Eins og málið liggur fyrir úrskurðarnefndinni verður því ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað



Reykjavík, 27. febrúar 2009.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

---

Jóhann Tómas Sigurðsson

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 6. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 17/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingarfélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 17. nóvember 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri 7. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 11. nóvember 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 2. desember 2008. Var það sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. desember 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Athugasemdir bárust með bréfi sóknaraðila, dagsettu 13. janúar 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 29. janúar og 6. febrúar 2009.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 27. júní 2007 tók sóknaraðili á kaupleigu hjá varnaraðila bifreið. Var umsaminn leigutími frá samningsdegi til 2. júlí 2014. Kaupverð hins leigða var kr. 2.070.000. Að frádreginni kr. 500.000 innborgun sóknaraðila og að viðbættu kr. 56.943 stofngjaldi var tilgreint samningsverð í kaupleigusamningnum kr. 1.626.943. Var mánaðarleg leiga að meðaltali yfir lánstímann tilgreind kr. 22.731. Samkvæmt samningi aðila skyldu vextir vera óverðtryggðir vextir bílasamninga samkvæmt ákvörðun varnaraðila á hverjum tíma og miðast við tilgreinda myntkörfu, sem væri samsett af japönskum jenum (50%) og svissneskum frönskum (50%). Gengisþróun varð sóknaraðila mjög óhagstæð og hafði mánaðarleg samningsgreiðsla sóknaraðila hækkað úr kr. 22.023 á fyrsta gjalddaga í ágúst 2007 í kr. 29.026 í mars 2008. Á þeim tíma voru eftirstöðvar samningsins orðnar kr. 1.821.329, en um 3,2 milljónir króna í nóvember 2008.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 13. mars 2008, sbr. mál nr. 6/2008. Með úrskurði nefndarinnar, uppkveðnum 17. september 2008, var málinu vísað frá úrskurðarnefndinni á þeim grundvelli að skilyrðum 5. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fyrir meðferð málsins hjá úrskurðarnefndinni hefði ekki verið fullnægt. Með rafpósti, dagsettum 29. september 2008, og ábyrgðarbréfi til varnaraðila, dagsettu 2. október 2008, krafðist sóknaraðili þess að kaupleigusamningur yrði ógiltur. Ekki verður séð að varnaraðili hafi svarað þeim erindum.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að fyrrgreindur kaupleigusamningur sinn við varnaraðila, dagsettur 27. júní 2007, verði ógiltur.

Sóknaraðili kveðst hafa skrifað undir nefndan kaupleigusamning á röngum forsendum þar sem hann hafi fengið rangar og villandi upplýsingar frá sölumanni, sem sagt hafi gengislán mjög stöðugt. Kveðst sóknaraðili ekki hafa verið upplýstur um áhættu af nokkru tagi samhliða töku lánsins. Þá sé samningurinn bersýnilega óhagstæður sóknaraðila sem neytanda og hafi fákunnátta sóknaraðila um gengislán og gengistryggingu verið notuð til að koma á samningi.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili byggir aðalkröfu sína á því að kröfugerð sóknaraðila sé svo illa reifuð, óljós og ruglingsleg að málið sé ekki af þeim sökum tækt til meðferðar hjá úrskurðarnefndinni, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu samnings aðila ekki verða metna til fjár og verði því enn fremur af þeim sökum að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni, sbr. b-lið 6. gr. samþykktanna.

Varnaraðili mótmælir kröfu sóknaraðila um uppgreiðslu á eftirstöðvum samnings aðila með kr. 1.328.357 sem rangri, órökstuddri og tilhæfulausri. Sé uppgreiðslustaða miðað við 2. desember 2008 kr. 3.830.836 og hafi varnaraðili engan reka gert að því að rökstyðja hvers vegna fella eigi mismuninn niður. Varnaraðili telur það ekki á valdi úrskurðarnefndarinnar að víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta ef talið yrði ósanngjarnt að bera hann fyrir sig á grundvelli 36. gr. laga nr. 7, 1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Þá mótmælir varnaraðili því sem röngu og órökstuddu að samningur aðila sé sóknaraðila bersýnilega óhagstæður eða að ætluð fákunnátta sóknaraðila hafi verið nýtt til að koma á samningi. Sé um að ræða venjulegan kaupleigusamning, sem tíðkast hafi athugasemdalaust í íslensku viðskiptalífi um árabíl.

Varnaraðili bendir á að sóknaraðili hafi sótt um myntkörfulán hjá varnaraðila í gegnum bílasölu þá, sem seldi henni umrædda bifreið. Hafi umsóknin verið send í gegnum bílálánaforrit varnaraðila og sérstaklega óskað eftir myntkörfuláni. Hafi varnaraðili samþykkt umsóknina og sóknaraðili undirritað skjöl á bílasölunni, sem skilað hafi þeim til varnaraðila. Hafi engin frekari samskipti átt sér stað milli málsaðila og því vandséð hvernig varnaraðili eigi að hafa getað nýtt sér meinta fákunnátta sóknaraðila.

Varnaraðili telur sýnt að sóknaraðila hafi verið ljóst að lán það, sem hann fékk hjá varnaraðila, hafi verið í erlendri mynt og samanstæði af japönskum jenum og svissneskum frönkum til helminga, svo og að afborganir væru breytilegar. Standi því það eitt eftir að sóknaraðili sé ósáttur við þá gengisþróun, sem orðið hafi. Sé sú þróun ekki á ábyrgð varnaraðila hafi honum eins og öðrum verið ómögulegt að sjá þá þróun fyrir þegar sóknaraðili hafi gert umræddan samning í júní 2007. Sé og ómögulegt að slá því föstu að umrædd lántaka sé óhagstæð fyrir sóknaraðila þar sem fjöldi gjaldþega sé enn eftir af láninu og ekki vitað hvernig gengi umræddra gjaldmiðla komi til með að þróast.

Loks bendir varnaraðili á gr. 3.3. í almennum samningsskilmálum um breytingar á gengistryggðu leigugjaldi. Hafi sóknaraðili lýst því yfir á forsiðu samnings aðila að hann hafi kynnt sér og samþykkt samningsskilmálana.

## V.

### Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili ógildingar bílasamnings, sem hann gerði við varnaraðila um leigu á bifreið hinn 27. júní 2007. Varnaraðili krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá úrskurðarnefndinni, en til vara að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Aðalkröfu sína byggir varnaraðili á því að málið sé ekki tækt til meðferðar úrskurðarnefndarinnar sakir þess að kröfugerð sóknaraðila sé svo illa reifuð, óljós og ruglingsleg, sbr. e-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Þá telur varnaraðili kröfu sóknaraðila um ógildingu samnings aðila ekki verða metna til fjár og verði því enn fremur af þeim sökum að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni, sbr. b-lið 6. gr. samþykktanna.

Í kvörtun sinni í máli þessu krefst sóknaraðili ógildingar tiltekins samnings, sem hann gerði við varnaraðila. Sú krafa er einföld og ekki málum blandin. Þótt fallast megi á með varnaraðila að hugmyndir sóknaraðila um endurgreiðslu fjár úr hendi varnaraðila séu um margt óskýrar og ruglingslegar verður að horfa til þess að kröfugerð sóknaraðila í kvörtun hans, dagsettri 7. nóvember 2008, verður ekki skilin á annan veg en krafa um ógildingu samnings. Þykja því ekki efni til að fjalla frekar um fjárhagslegt uppgjör milli aðila. Krafa sóknaraðila um ógildingu samnings hefur fjárhagslega þýðingu fyrir sóknaraðila og verður því augljóslega metin til fjár, sbr. t.d. til hliðsjónar úrskurði í málum úrskurðarnefndarinnar nr. 20/2002, 1/2005 og 3/2006. Með vísan til framanritaðs verður frávísunarkröfu varnaraðila hafnað.

Í málinu er ágreiningslaust með aðilum að sóknaraðili hafi fyrir milligöngu bílasala sótt um að gera kaupleigusamning við varnaraðila. Í samningi aðila kemur fram að varnaraðili sé leigusali og sóknaraðili leigutaki, sem leigi bifreið. Er mánaðarleg leiga tilgreind í 3. tölul. samningsins kr. 22.731 að meðaltali yfir lánstímann, sem samkvæmt samningnum er 7 ár. Þá kemur fram að vextir séu óverðtryggðir vextir bílasamninga samkvæmt ákvörðun varnaraðila á hverjum tíma og miðist við myntkörfu, sem sett sé saman til helminga úr japönskum jenum og svissneskum frönkum.

Í samningi aðila er vísað til almennra skilmála varnaraðila á bakhlið samningsins. Staðfesti sóknaraðili með undirritun sinni að hafa kynnt sér skilmálana og samþykkt þá að öllu leyti. Kemur þar m.a. fram að leigugjald samnings, sem sé gengistryggt að hluta eða öllu leyti, geti tekið breytingum miðað við breytingar á gengi erlendra gjaldmiðla, sem vísað er til í 3. tölul. samningsins, gagnvart íslensku krónunni á samningstímana. Þá er þess og getið að á útgáfudegi hvers leigureiknings taki einstakar leigugreiðslur breytingum til hækkunar eða lækkunar miðað við sölugengi hinna erlendu gjaldmiðla.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að sóknaraðila hafi verið ljóst eða í öllu falli mátt vera ljóst að greiðslur hans samkvæmt samningi aðila væru bundnar við gengi japansks jens og svissnesks franka gagnvart íslenskri krónu og að slíku fylgdi áhætta. Gengisþróunin hefur verið sóknaraðila ákaflega óhagfelld. Á þeirri þróun getur varnaraðili hins vegar ekki borið ábyrgð. Þá er ósannað að varnaraðili hafi með einhverjum hætti nýtt sér ætlaða fákunnáttu sóknaraðila um gjaldeyrismál eða stuðlað að því að henni hafi verið gefnar rangar eða villandi upplýsingar um þau efni eða gengistryggingu leigugreiðslna. Eru að öðru leyti

heldur ekki efni til að víkja frá þeirri meginreglu íslensks samningaréttar að samningar séu skuldbindandi fyrir aðila þeirra.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Frávísunarkröfu varnaraðila, F, er hafnað.

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila er hafnað.

Reykjavík, 6. febrúar 2009.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 23. janúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 18/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingafélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefndur varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 20. nóvember 2008 með ódagsettri kvörtun sóknaraðila. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 20. nóvember 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með bréfi A, hrl., dagsettu 1. desember 2008. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 4. desember 2008, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Erindið var ítrekað með rafpósti 17. desember 2008. Athugasemdir bárust ekki.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 15. og 23. janúar 2009.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 18. ágúst 2008 gaf X, út skuldabréf til Hilmars Y, að fjárhæð kr. 2.670.000. Var bifreið sett að veði með 1. veðrétti til tryggingar greiðslu lánsins, auk þess sem sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir greiðslu þess. Nefndur Y seldi skuldabréfið til varnaraðila 29. ágúst 2008.

Sóknaraðili kveðst hafa borið fram kvörtun við varnaraðila 13. nóvember 2008, en erindi hennar verið hafnað af hálfu varnaraðila 17. sama mánaðar. Hefur varnaraðili ekki mótmælt þessu og verður málið því tekið til úrskurðar.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, mótttekinni 20. nóvember 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að verða leystur undan sjálfskuldarábyrgð á fyrrnefndu skuldabréfi.

Sóknaraðili telur að borið hafi að gera greiðslumat á skuldara áður en téð skuldabréf var keypt, enda sé fjárhæð þess yfir kr. 1.000.000. Þá kveðst sóknaraðili hafa verið í góðri trú um að bifreið sú, sem veðsett hafi verið til tryggingar greiðslu skuldarinnar, hafi verið húftryggð þegar hann ritaði undir bréfið eins og komi fram í skilmálum þess. Hafi bifreiðin síðar skemmst í umferðaróhappi og þá komið í ljós að

þeir, sem átt hafi að sjá um að húftryggja bifreiðina, hafi ekki gert það. Hafi varnaraðili og keypt skuldabréfið án þess að ganga úr skugga um að bifreiðin væri húftryggð. Hafi það verið forsenda þess að sóknaraðili féllst á gangast í sjálfskuldarábyrgð að bifreiðin væri húftryggð.

#### IV.

##### **Athugasemdir varnaraðila**

Varnaraðili kveðst hafa keypt umrætt skuldabréf, en ekki séð um lánveitingu. Hafi varnaraðili því engin tók haft á að láta meta greiðslugetu skuldara. Þá eigi samkomulag um notkun ábyrgða á skuldbindingum einstaklinga ekki við í málinu þar sem það snúi aðeins að skyldu lánastofnunar til að meta greiðslugetu skuldara þegar lán, sem stofnunin veitir, er hærra en kr. 1.000.000. Taki reglur samkomulagsins því ekki til greinds Y, sem veitt hafi lán í því tilviki sem hér um ræði.

Varnaraðili telur að hann hafi ekki getað upplýst eða haft vitneskju um að bifreiðin hafi átt að vera kaskótryggð þegar sóknaraðili gekkst í sjálfskuldarábyrgð. Það hafi sóknaraðili sjálfur þurft að ganga úr skugga um. Skylda til að tryggja bifreiðina hafi hvílt á skuldara.

#### VI.

##### **Niðurstaða.**

Sóknaraðili krefst í máli þessu ógildingar á sjálfskuldarábyrgð sinni samkvæmt skuldabréfi, útgefnu af X, til Y, þann 18. ágúst 2008, en varnaraðili keypti bréfið af Y 29. sama mánaðar. Skilja verður málatilbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

Sóknaraðili styður kröfu sína um ógildinguna ábyrgðar sinnar í fyrsta lagi þeim rökum að ekki hafi legið fyrir greiðslumat eins og skylt hafi verið þar sem fjárhæð skuldabréfsins sé yfir kr. 1.000.000. Ætla verður að sóknaraðili sé hér að vísa til ákvæðis 3. mgr. 3. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001, um að skylt sé að greiðslumeta skuldara þegar ábyrgð ábyrgðarmanns á skuldum viðkomandi nemur hærri fjárhæð en kr. 1.000.000. Skylda þessi hvílir á fjármálafyrirtæki þegar það veitir lán, sem tryggt er með ábyrgð einstaklings. Ákvæðið gildir hins vegar ekki við um þau tilvik þegar fjármálafyrirtæki kaupir eða fær framseld skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð einstaklings, sem gefin hafa verið út til þriðja manns, án aðkomu fjármálafyrirtækisins. Verður því að hafna þessari málsástæðu sóknaraðila.

Í annan stað kveður sóknaraðili það hafa verið forsendu sjálfskuldarábyrgðar sinnar að hin veðsetta bifreið væri húftryggð, en síðar hafi komið í ljós að svo hafi ekki verið. Skylda til húftryggingar hvíldi á útgefanda skuldabréfsins. Var sóknaraðila í lófa lagið að krefja hann um staðfestingu þess efnis áður en hann gekkst í ábyrgð sína og hefði verið fullt tilefni til þess, ef um var að ræða forsendu ábyrgðarinnar. Skuldabréfið ber ekki með sér að um ákvörðunarástæðu hafi verið að ræða af hálfu sóknaraðila. Jafnvel þótt sýnt væri fram á að svo hefði verið er með öllu ósannað að varnaraðili hafi vitað eða mátt vita um hina meintu forsendu sóknaraðila. Verður því einnig að hafna þessari málsástæðu sóknaraðila.

Með vísan til framanritaðs verður því ekki hjá því komist að hafna öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Kröfum sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er hafnað

Reykjavík, 23. janúar 2009.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 13. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 19/2008**:

**M**  
**gegn**  
**fjárfestingafélaginu F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefndur sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 2. desember 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 3. desember 2008, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Erindið var ítrekað með bréfi úrskurðarnefndarinnar, dagsettu 7. janúar 2009. Svör varnaraðila bárust með bréfi hans, dagsettu 13. janúar 2009. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 14. janúar 2009, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi sóknaraðila, dagsettu 25. janúar 2009. Úrskurðarnefndin óskaði eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðila með bréfi, dagsettu 20. febrúar 2009. Svar barst frá varnaraðila með bréfi hans, dagsettu 2. mars 2009. Var bréfið sent sóknaraðila með rafpósti 2. mars 2009 og honum gefinn kostur á athugasemdum. Bárust þær með bréfi sóknaraðila, dagsettu 3. mars 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 13. og 20. febrúar og 6. og 13. mars 2009.

### II.

#### Málsatvik.

Hinn 10. október 2005 gáfu X og Y, út skuldabréf að fjárhæð kr. 28.000.000 til varnaraðila. Tédur X mun vera bróðir sóknaraðila. Var lánið tryggt með 6. veðrétti í fasteign. Móðir sóknaraðila og X, Z, ritaði nafn sitt undir skuldabréfið til staðfestingar því að hún samþykkti veðsetningu fasteignarinnar sem þinglýstur eigandi. Var Z þá nýorðin 87 ára og mun eftir því sem best verður ráðið af gögnum málsins hafa setið í óskiptu búi eftir mann sinn. Z lést 5. júní 2008. Í málinu liggur fyrir skjal, dagsett 5. október 2005, sem ber heitið niðurstöður greiðslumats. Hafði Z fyrr á árinu 2005, þ.e. 11. apríl, samþykkt að setja nefnda fasteign að veði til tryggingar skuldbindingum X og Y og einkahlutafélags þeirra, við F, samtals að fjárhæð kr. 6.500.000. Á eigninni hvíldu einnig eldri skuldir.

Með bréfi til X, bróður síns, dagsettu 21. desember 2005, kvartaði sóknaraðili undan framgöngu hans við veðsetningu nefndrar fasteignar og gaf honum frest til 1. mars 2006 til að leysa eignina undan þeim veðböndum, sem hann hafði stofnað til á

árinu 2005. Kvaðst hann ella munu krefjast skipta á hinu óskipta búi og biðja um læknisfræðilegt mat á móður þeirra, sem hann taldi á engan hátt hafa gert sér grein fyrir hvað hún hafi skrifað undir.

Áður en til umþrættar lánveitingar varnaraðila kom 10. október 2005 hafði X og dóttir hans, sent sóknaraðila rafpóst 1. og 7. október 2005 þar sem þau báðu hann um að skrifa undir yfirlýsingu þess efnis að hann gerði ekki athugasemdir við veðsetninguna. Mun sóknaraðili hafa hafnað því.

Sóknaraðili og systir hans, munu hafa kvartað yfir því á fundi með varnaraðila síðla árs 2007 að téð lánveiting væri óeðlileg. Með bréfi til þeirra, dagsettu 19. desember 2007, kvað varnaraðili veðsetningu fasteignarinnar að öllu leyti hafa verið lögum samkvæmt.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 2. desember 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili gerir í málinu eftirfarandi kröfur:

1. *...að [varnaraðili] aflétti tafarlaust veðböndum, sem [hann] þinglýsti á dánarbúseignina án samþykkis allra eigenda/aðila dánarbúsins þann 10.10.2005. að nafnverði 25.000.000.- en fasteignin er og var eign óskifts dánarbús.*
2. *Að kannað verði hvort tengsl dóttir lántakanda, skrifstofustjóra í [varnaraðila] hafi haft áhrif á lánveitinguna og þinglýsinguna.*
3. *Kannað verði hvort tengsl dóttir lántakanda skrifstofustjóra í [varnaraðila] hafi haft áhrif á greiðslumat X."*

Sóknaraðili kveður nefnt skuldabréf hafa verið þinglýst á fasteignina án samþykkis allra aðila dánarbúsins, þrátt fyrir að útibússtjóri hafi lýst því yfir símleiðis að slíkt yrði ekki gert. Kveðst sóknaraðili hafa fengið drög að yfirlýsingu senda frá áðurnefndri dóttur sem á þessum tíma hafi verið skrifstofustjóri varnaraðila. Hann hafi hins vegar aldrei ritað undir yfirlýsinguna.

Sóknaraðili telur X bróður sinn, aldrei hafa verið hæfan til að fá greiðslumat. Álitur sóknaraðili móður sína hafa rýrt eignir hins óskipta bús mikið meira en verulega með því að heimila veðsetningu fasteignar þess fyrir láni að fjárhæð kr. 25.000.000, enda hafi fasteignamat eignarinnar aðeins verið kr. 21.586.000.

Loks heldur sóknaraðili því fram að téð bróðurdóttir sóknaraðila, hafi með tengslum sínum við varnaraðila haft áhrif á bæði lánveitingu til föður síns og þinglýsingu lánsins á fasteignina.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðili krefst þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðili telur Z heitna hafa á greindum tíma setið í óskiptu búi og hafi hún því farið með eignarráð á fjármunum búsins, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8, 1962. Hafi því ekki verið þörf á samþykki annarra erfingja hins látna fyrir veðsetningunni. Sóknaraðila hafi hins vegar verið tæk úrræði samkvæmt 15. gr. laganna teldi hann móður sína hafa rýrt efni dánarbúsins með óeðlilegum hætti.

Varnaraðili vísar til þess að hann hafi framkvæmt greiðslumat á skuldurum bréfsins 5. október 2005 og hafi þau staðist það, enda forsenda fyrir lánveitingunni. Þá kveður varnaraðili verðmat fasteignasölu á fasteigninni hafa legið til grundvallar lánveitingunni, en eignin hafi þá verið metin á kr. 36.700.000. Mótmælir varnaraðili

öllum fullyrðingum sóknaraðila um að varnaraðili hafi ekki farið að lögum við lánveitingu til X og Y.

## VI. Niðurstaða.

Í máli þessu krefst sóknaraðili þess í fyrsta lagi að varnaraðili létti tafarlaust veðböndum af fasteigninni vegna láns að fjárhæð kr 25.000.000, sem móðir hans samþykkti að eignin skyldi sett að veði fyrir. Í annan stað óskar sóknaraðili eftir því að kannað verði hvort tengsl nafngreindrar bróðurdóttur hans, sem þá var starfsmaður varnaraðila, við lántakanda X hafi haft áhrif á lánveitinguna og þinglýsinguna (sic) og í þriðja lagi að kannað verði hvort að þau tengsl hafi haft áhrif á greiðslumat föður hennar.

Ekki verður séð að sóknaraðili hafi haft ofangreindar kröfur uppi við varnaraðila eða að þeim hafi verið hafnað af hans hálfu, sbr. 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000. Varnaraðili hefur hins vegar ekki krafist frávísunar málsins sakir þessa og verður að líta svo á að hann sé samþykkur efnismeðferð þess fyrir úrskurðarnefndinni. Verður málinu því ekki vísað frá af þessum sökum.

Samkvæmt b-lið 6. gr. nefndra samþykktu fjallar úrskurðarnefndin ekki um kröfur sem ekki verða metnar til fjár. Verða tvær hinna síðargreindu krafna sóknaraðila ekki metnar til fjár og er það utan verksviðs úrskurðarnefndarinnar að hlutast til rannsókn máls með þeim hætti sem nefndar kröfur sóknaraðila lúta að. Verður þeim því þá þegar vísað frá úrskurðarnefndinni.

Fyrstnefnd krafa sóknaraðila lýtur að því að varnaraðili verði gert að létta veði af fasteigninni. Byggir sóknaraðili þessa kröfu sína annars vegar á því að hann hafi ekki samþykkt slíka ráðstöfun, sem erfingi að eigninni. Af gögnum málsins verður ráðið að Z, móðir sóknaraðila, sem samþykkti veðsetningu fasteignarinnar, hafi þá er eignin var veðsett setið í óskiptu búi með sóknaraðila, öðrum lántakanda, X, og systur þeirra bræðra. Fór hún í lifanda lífi með eignarráð á fjármunum búsins, sbr. 12. gr. erfðalaga nr. 8, 1962. Þurfti því ekki samþykki sóknaraðila fyrir veðsetningunni. Hefði sóknaraðili á þeim tíma getað krafist skipta sér til handa teldi hann fjárstjórn móður sína óhæfilega, sbr. 15. gr. nefndra laga.

Hins vegar byggir sóknaraðili mál sitt á því að X hafi ekki getað staðist greiðslumat. Áður var minnst á að í gögnum málsins lægi fyrir skjal með yfirskriftinni: *Niðurstöður greiðslumats*. Virðist nefnt skjal geyma niðurstöðu mats á greiðslugetu X og Y. Kemur þar fram að áætluð greiðslugeta þeirra tveggja án skulda sé kr. 107.265, en áætluð greiðslubyrði væntanlegra lána kr. 105.865 og greiðsluafgangur kr. 1.399. Í greiðslumatinu eru X og Y taldar til eignar ótilgreindur fjöldi bifreiða að verðmæti kr. 500.000 og fasteignir að fjárhæð kr. 36.700.000. Ekki kemur fram hvaða fasteignir það eru, en sú fjárhæð er sú sama og metið verðmæti fasteignarinnar í eigu Z. Af þessu, þeirri staðreynd að um íbúðalán var að ræða og því að greiðslu af öðrum lánnum var ekki getið í niðurstöðum greiðslumats, mætti draga þá ályktun X og Y hefðu verið að kaupa ofangreinda fasteign. Það verður þó ekki ráðið af gögnum málsins, fremur en hvert andvirði lánsins rann. Varnaraðili hefur þó borið því við að áhvílandi lán á eigninni hafi verið greidd upp og að ráðstöfun lánsins hafi verið í samræmi við beiðni lántaka. Undir nefnt skjal skrifa báðir lántakendur og Z á strik fyrir ofan eftirgreindan texta: *Samþykki eiganda veðs*.

Með bréfi, dagsettu 20. febrúar 2009, óskaði úrskurðarnefndin eftir upplýsingum varnaraðila um allar þær forsendur, sem lágu til grundvallar matinu, svo og

afriti af öllum gögnum því tengdu. Sérstaklega var óskað eftir upplýsingum og gögnum um stöðu allra skulda lántakenda, X og Y á greindum tíma, svo og um stöðu þeirra skulda, sem þá voru tryggðar með veði í fasteign veðþola á sama tíma. Jafnframt var óskað eftir upplýsingum og gögnum um hvernig umræddu láni hefði verið ráðstafað. Loks var óskað eftir afriti af öllum öðrum gögnum, ótilgreindum, sem kynnu að tengjast umræddri lántöku áður nefndra X og Y og ráðstöfun lánsfjárins og ekki hefðu áður verið lögð fyrir úrskurðarnefndina. Með bréfi, dagsettu 2. mars 2009, hafnaði varnaraðili beiðni úrskurðarnefndarinnar og taldi sér ekki heimilt að afhenda fjárhagsupplýsingar, sem byggju að baki greiðslumatinu

Á þeim tíma, sem margnefnd fasteign var veðsett virðist sóknaraðili hafa verið erfingi í dánarbúi, sem átti eignina. Verður heldur ekki annað ráðið en að hann sé enn erfingi að eigninni en móðir sóknaraðila, sem sat í óskiptu búi. Er að mati úrskurðarnefndarinnar engum vafa undirorpið að sóknaraðili á sem erfingi og einn eigenda hinnar veðsettu eignar fullan rétt til aðgangs að öllum þeim gögnum, sem varða veðsetninguna og tilurð hennar, þ.á m. hvernig staðið var að skyldubundnu mati varnaraðila á greiðslugetu lántakenda og hver gögn lágu þar til grundvallar. Er sóknaraðila þetta nauðsynlegt til að geta lagt sjálfstætt mat á hvort réttilega hefði verið staðið að veðsetningu eignarinnar.

Það er úrskurðarnefndarinnar að ákveða hverra gagna skuli afla áður en úrskurður í máli er felldur, sbr. 1. másl. 1. mgr. 10. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, en á nefndarmönnum hvílir þagnarskylda, sbr. 2. másl. 4. mgr. 11. gr. samþykktanna. Synjun varnaraðila á afhendingu umbeðinna gagna til úrskurðarnefndarinnar er óréttmæt og ámælisverð.

Fyrir liggur að veðþoli var háaldraður þegar hann veitti heimild til veðsetningar fasteignar sinnar. Ekki hafa þó verið færð fram læknisfræðileg gögn, sem sýna fram á að hann hafi ekki verið fær um að veðsetja eignina eða getað gert sér grein fyrir þýðingu umrædds gernings. Því síður hefur verið sýnt fram á að varnaraðili hafi gert eða mátt gera sér grein fyrir slíku.

Vegna synjunar varnaraðila á að afhenda úrskurðarnefndinni umbeðin gögn er á hinn bóginn ekki hægt að fullyrða með vissu að réttilega hafi verið staðið að mati á greiðslugetu lántakenda eða kynningu slíks mats fyrir Z heitinni. Þá liggur heldur hvorki fyrir hversu stórum hluta lánsfjárhæðarinnar hafi verið ráðstafað til greiðslu annarra lána lántakenda né að veðþola hafi verið kynntar hugsanlegar ráðagerðir um að verja meira en helmingi til þess, sbr. 2. mgr. 4. gr. samkomulags um notkun ábyrgða á skuldum einstaklinga, dagsetts 1. nóvember 2001.

Téð synjun varnaraðila á afhendingu gagna til úrskurðarnefndarinnar hefur samkvæmt framansögðu leitt til þess að málið varð eigi að þessu leyti nægilega upplýst í meðförum nefndarinnar og þykir af þessum sökum, eins og það liggur fyrir nefndinni, óhæft til til afgreiðslu hjá nefndinni, sbr. e-lið 6. gr. og 7. gr. samþykktá fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki. Verður því að vísa kröfu sóknaraðila um að varnaraðili létti veði af fasteigninni frá úrskurðarnefndinni, enda ótækt að varnaraðili vinni betri rétt eða njóti þess að öðru leyti að synja úrskurðarnefndinni ranglega um afhendingu gagna í málinu. Á sóknaraðili þess þá kost að skjóta málinu að nýju til úrskurðarnefndarinnar telji hann ástæðu til eftir að honum hefur gefist kostur á að kanna gögn að baki lánveitingu sóknaraðila og heimild til veðsetningar fasteignar þeirrar sem hann er erfingi að.

Með vísan til framanritaðs verður því ekki hjá því komist að vísa öllum kröfum sóknaraðila á hendur varnaraðila og þar með málinu í heild frá úrskurðarnefndinni.

Í ljósi fyrrgreindrar framgöngu varnaraðila, sem kom í veg fyrir efnislega niðurstöðu í málinu, þykir rétt að málskotsgjald verði endurgreitt sóknaraðila.

**Ú r s k u r ð a r o r ð:**

Máli sóknaraðila M á hendur varnaraðila F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 13. mars 2009.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 20. mars, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 20/2008**:

**M**  
**gegn**  
**F**  
**og**  
**FF**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r :

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnd sóknaraðili, annars vegar, og F og FF, hér eftir nefnd varnaraðilar, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 18. desember 2008 með kvörtun sóknaraðila, dagsettri sama dag. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 19. desember 2008, var kvörtunin send varnaraðilum og þeim gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Svör varnaraðila bárust með sameiginlegu bréfi þeirra, dagsettu 5. janúar 2009. Var bréfið sent sóknaraðila með bréfi nefndarinnar, dagsettu 7. janúar 2009, og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum sínum. Bárust þær með bréfi sóknaraðila, dagsettu 13. janúar 2009. Úrskurðarnefndin óskaði eftir frekari upplýsingum og gögnum frá varnaraðilum með bréfi, dagsettu 20. febrúar 2009. Bárust umbeðin gögn og upplýsingar með rafpósti varnaraðila 26. febrúar 2009 og með bréfi þeirra, dagsettu 27. febrúar 2009. Gögnin voru send sóknaraðila með bréfi, dagsettu 7. mars 2009 og honum gefinn kostur á athugasemdum. Bárust þær með bréfi sóknaraðila, dagsettu 8. mars 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum nefndarinnar 6., 16. og 20. febrúar og 6., 13. og 20. mars 2009.

### II.

#### Málsatvik.

Sóknaraðili átti hlutdeildarskírteini í sjóðum A og B hjá varnaraðila F. Var markaðsverðmæti skírteina sjóði A kr. 1.581.645 hinn 6. október 2008 og skírteina í sjóði B kr. 7.367.783 á sama tíma. Nefndan dag kl. 10.03.40 og 11.22.59 birtust á vef kauphallar OMX Nordic Exchange Iceland hf. hér á landi tilkynningar um að Fjármálaeftirlitið hefði m.a. ákveðið að stöðva viðskipti með alla fjármálagerninga, sem gefnir hefðu verið út af varnaraðila F og teknir hefðu verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði. Kom fram í síðari tilkynningunni að aðstæður útgefanda væru þannig að viðskiptin myndu skaða hagsmuni fjárfesta, enda ríkti umtalsverð óvissa sem kæmi í veg fyrir eðlilega verðmyndun verðbréfanna. Þá væri það mat Fjármálaeftirlitsins að jafnræði fjárfesta yrði ekki tryggt með öðrum hætti þar

sem verðmótandi upplýsingar væru of dreifðar til að unnt væri að tryggja trúnað þeirra.

Ekki mun hafa verið opnað fyrir viðskipti með hlutdeildarskírteini í sjóði A umræddan dag, en lokað var fyrir viðskipti með skírteini í sjóði B kl. 11.29. Sama dag kl. 11.32 hringdi sóknaraðili í starfsmann verðbréfavaktar varnaraðila F og óskaði eftir að innleysa skírteini sín í báðum sjóðunum. Fékk sóknaraðili rafpóst frá greindum starfsmanni kl. 11.34 þennan dag þar sem hann kvaðst hafa selt skírteinin í báðum sjóðunum og lagt andvirði þeirra inn á tilgreindan bankareikning. Síðar sagði að söluverð skírteina í sjóði B myndu berast þann sama dag, en skírteina í sjóði A degi síðar. Ekki varð af umræddum viðskiptum.

Með bréfi til varnaraðila F., dagsettu 14. október 2008, krafðist sóknaraðili þess að gengið yrði frá téðum viðskiptum. Var erindinu hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 8. desember 2008.

Málinu var skotið til úrskurðarnefndarinnar með kvörtun, dagsettri 14. desember 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðilar greiði honum kr. 2.801.389, auk dráttarvaxta frá 6. október 2008.

Sóknaraðili kveðst hafa fengið staðfestingu á innlausn hlutdeildarskírteina sinna í sjóði A og sjóði B senda frá varnaraðila F. með rafpósti, en salan hafi síðar verið bakfærð. Hafi varnaraðili því brotið á rétti sóknaraðila með því að ljúka ekki viðskiptum líkt og hann hafi staðfest með rafpósti. Hafi varnaraðili með þeim hætti valdið sóknaraðila tjóni sem honum beri að bæta. Telur sóknaraðili að hann hafi mátt treysta að viðskipti, sem búið er að staðfesta að hafi farið fram, standi.

Sóknaraðili sundurliðar kröfu sína svo að annars vegar sé krafist mismunar á eign hans í sjóði A eins og hún var nefndan dag, kr. 7.367.783, og þess sem hann fékk síðar greitt úr sjóðnum þegar sjóðurinn var leystur upp, kr. 6.267.462, eða kr. 1.100.321. Hins vegar krefjist sóknaraðili að fá greidda inneign sína í sjóði B hinn 6. október 2008, kr. 1.701.068. Sé því samtals krafist 2.801.389 auk dráttarvaxta.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila

Varnaraðilar krefjast þess að öllum kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Varnaraðilar vísa til þess að þær fjárkröfur, sem hafðar séu uppi í málinu, hafi ekki áður verið hafðar uppi gagnvart varnaraðilum. Þá sé ekki gerð grein fyrir því í kvörtuninni á hverju staða eigna fyrir bankahrunið byggist og við hvaða tímamark sé miðað. Sé ekki hægt að leggja mat á kröfu sóknaraðila sakir óskýrleika.

Varnaraðilar benda jafnframt á að þegar sóknaraðili hafi óskað eftir innlausn hafi verið búið að loka fyrir öll viðskipti úr sjóði A og sjóði B. Sökum þess hversu stutt var frá því lokað var fyrir viðskiptin hafi nefndum starfsmanni á verðbréfavakt varnaraðila F ekki verið kunnugt um lokunina. Hafi hann því tekið við pöntun sóknaraðila án athugasemda og send honum rafpóst því til staðfestingar. Innlausnin hafi hins vegar aldrei farið fram þar sem búið hafi verið að loka fyrir viðskiptin. Þar sem segi í rafpósti nefnds starfsmanns að hann hafi selt í viðkomandi sjóðum sé átt við að bókað hafi verið í tölvukerfi varnaraðila F pöntun um innlausn í viðkomandi sjóðum. Breyti þessi ónákvæmni ekki þeirri staðreynd að sjóðunum hafi verið lokað og því hafi pöntun á innlausn ekki farið í gegn þann daginn.

Varnaraðilar vísa til laga nr. 30, 2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingasjóði máli sínu til stuðnings, einkum 27. og 29. gr. Þá er og vísað til reglugerðar um sama efni nr. 792, 2003, einkum 3. - 6. gr., svo og reglna viðkomandi sjóða og útboðslýsinga.

## VI.

### Niðurstaða.

Í máli þessu gerir sóknaraðili kröfu til þess að varnaraðilar greiði honum kr. 2.801.389, sem hann kveður annars vegar vera samtölu af eign sinni í sjóði A hinn 6. október 2008 og mismun á eign sinni í sjóði B að frátalinni þeirri fjárhæð, sem hann fékk síðar greiddar úr þeim sjóði. Með bréfi, dagsettu 14. október 2008, óskaði sóknaraðili eftir því að gengið yrði frá innlausn á hlutdeildarskírteinum sínum í nefndum sjóðum eins og hann hefði beðið um að morgni 6. sama mánaðar. Var því erindi hafnað með bréfi varnaraðila, dagsettu 8. desember 2008.

Samkvæmt 5. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, er það skilyrði fyrir meðferð úrskurðarnefndarinnar að fjármálafyrirtæki hafi hafnað kröfu viðskiptamanns eða ekki hafi tekist að leysa málið með sátt innan fjögurra vikna frá því að viðskiptamaður lagði málið fyrir fjármálafyrirtæki. Þrátt fyrir framangreind samskipti aðila verður ekki horft framhjá því að sóknaraðili hefur ekki beint fyrrgreindri fjárkröfu sinni að varnaraðilum. Slíkt leiðir þó ekki til þess að kröfunni verði hafnað eins og varnaraðili krefst. Hins vegar verður ekki hjá því komist í ljósi afstöðu varnaraðila til þessa efnis að vísa máli þessu frá úrskurðarnefndinni. Þykja þá ekki efni til að fjalla frekar um aðild málsins varnarmegin.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Máli sóknaraðila, M á hendur varnaraðilum, F og FF er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 20. mars 2009.

---

Guðjón Ólafur Jónsson

---

Geir Arnar Marelsson

---

Grétar Grétarsson

---

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir



# ÚRSKURÐARNEFND UM VIÐSKIPTI VIÐ FJÁRMÁLAFYRIRTÆKI

Fjármálaeftirlitið · Suðurlandsbraut 32 · 108 Reykjavík · Sími: 525 2700 · Fax: 525 2727

Ár 2009, föstudaginn 20. febrúar, er fundur haldinn í Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.

Mætt eru: Guðjón Ólafur Jónsson, formaður, Geir Arnar Marelsson, Grétar Grétarsson, Guðlaug Brynja Ólafsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir.

Fyrir er tekið **mál nr. 21/2008**:

**M**  
**gegn**  
**F**

og kveðinn upp svohljóðandi

## ú r s k u r ð u r:

### I.

#### Málsmeðferð.

Málsaðilar eru M, hér eftir nefnt sóknaraðili, annars vegar, og F, hér eftir nefnt varnaraðili, hins vegar.

Málið barst úrskurðarnefnd 30. desember 2008 með kvörtun A, fyrir hönd sóknaraðila, dagsettri 23. sama mánaðar. Með bréfi nefndarinnar, dagsettu 2. janúar 2009, var kvörtunin send varnaraðila og honum gefinn kostur á að tjá sig um hana og skýra sjónarmið sín. Athugasemdir bárust með bréfi B, fyrir hönd varnaraðila, dagsettu 14. janúar 2009. Var það sent lögmanni sóknaraðila og honum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við bréf lögmans varnaraðila. Bárust þær með bréfi lögmans sóknaraðila, dagsettu 23. janúar 2009.

Málið var tekið fyrir á fundum úrskurðarnefndarinnar 29. janúar og 13. og 20. febrúar 2009.

### II.

#### Málsatvik.

Aðilar máls þessa gerðu með sér lánessamning, líklega í desember 2007, en það eintak, sem úrskurðarnefndinni hefur verið afhent, er ódagsett. Samkvæmt samningnum lofaði sóknaraðili að taka að láni og varnaraðili að lána jafnvirði kr. 140.000.000 í japönskum jenum (25%) og svissneskum frönkum (75%). Skyldi lánið endurgreiðast á 12 gjalddögum, þar af 11 vaxtagjalddögum. Var fyrsti vaxtagjalddagi 5. janúar 2008 og síðan á mánaðarfresti, en lokagjalddagi 5. desember 2008 og skyldu þá eftirstöðvar lánsins greiddar. Sóknaraðila var samkvæmt lánessamningnum heimilt að breyta gjaldmiðli lánsins í sérhvern þann gjaldmiðil, sem varnaraðili hefði aðgang að og Seðlabanki Íslands skráir, enda hefði sóknaraðili tilkynnt um það val sitt þremur bankadögum fyrir lokadag viðkomandi vaxtatímabils.

Sóknaraðili staðfesti í lánessamningi aðila að hann hefði verið upplýstur um og hefði fyllilega skilið að áhrif hugsanlegra gengissveiflna gætu orði þau að heildarskuld hans í þeim lánum, sem lánið saman stæði af hverju sinni, gæti orðið hærri en upphafleg lánsfjárhæð. Kynni skuld sóknaraðila við varnaraðila því að verða hærri en upphafleg lánsfjárhæð.

Í samningi aðila var mælt fyrir um það að lántaka væri heimilt að framlengja láninu einu sinni til eins árs með sama greiðslufyrirkomulagi, enda tækist samkomulag um kjör lánsins. Félli lánið í gjalddaga var varnaraðila heimilt að umreikna það allt í íslenskar krónur á gjalddaga miðað við skráð sölugengi varnaraðila á japönskum jenum og svissneskum frönkum og krefja lántaka um greiðslu lánsins.

Loks er þess að geta að í samningi aðila var að finna ákvæði um óviðráðanlegar ástæður (force majeure) þar sem varnaraðila var að undangenginni tilkynningu til lántaka veitt heimild til að gjaldfella eftirstöðvar lánsins með 60 daga fyrirvara yrðu breytingar á viðskiptakjörum varnaraðila vegna atvika, sem honum yrði ekki kennt um. Var þar m.a. vísa til ákvarðana stjórnvalda, atburða á erlendum gjaldeyris- og fjármagnsmörkuðum og annarra

óviðráðanlegra orsaka, sem hindruðu, torvelduðu eða yllu töfum á því að varnaraðili gæti aflað sér lánsfjár til fjármögnunar á lánsamningi á sambærilegum kjörum og gengið hefði verið út frá við gerð hans.

Varnaraðili mun m.a. hafa tilkynnt sóknaraðila rafleiðis 31. október 2008 þá ákvörðun að umræddu láni yrði breytt í íslenskar krónur á gjalddaga 5. desember 2008. Með bréfi lögmans sóknaraðila til varnaraðila, dagsettu 5. nóvember 2008, var ákvörðuninni mótmælt og þess krafist að varnaraðili félli frá henni. Erindið var ítrekað með bréfi lögmansins, dagsettu 14. nóvember 2008. Með bréfi lögmans varnaraðila til lögmans sóknaraðila, dagsettu 18. nóvember 2008, var sóknaraðila gerð grein fyrir því að varnaraðili skildi erindi sóknaraðila svo að forsendur fyrir frekari viðskiptum aðila væru brostnar. Var sóknaraðili jafnframt minntur á gjalddaga lánsins 5. desember 2008. Skilningi varnaraðila var mótmælt með bréfi lögmans sóknaraðila til lögmans varnaraðila, dagsettu 26. nóvember 2008, og ýmsar athugasemdir gerðar þar við. Var erindið ítrekað með bréfi lögmans sóknaraðila til lögmans varnaraðila, dagsettu 4. desember 2008. Með bréfi lögmans varnaraðila til lögmans sóknaraðila, dagsettu 5. desember 2008, var ítrekað að varnaraðili hefði ekki aðgang að erlendu lánsfé til þess að endurlána og gæti hann því ekki boðið önnur kjör en verðtryggt lán í íslenskum krónum. Væri þess vænst að sóknaraðili myndi greiða skuld sína við varnaraðila, sem væri á gjalddaga þann sama dag. Með bréfi lögmans sóknaraðila til lögmans varnaraðila, dagsettu 5. desember 2008, var varnaraðila tilkynnt að sóknaraðili hafnaði kröfu um greiðslu lánsfjárhæðarinnar.

Málið barst úrskurðarnefnd með kvörtun, dagsettri 23. desember 2008.

### III.

#### Umkvörtunarefni.

Af hálfu sóknaraðila er krafist viðurkenningar „á því að [varnaraðili] hafi með framgöngu sinni gagnvart [sóknaraðila] svo sem greinir í ... atvikalýsingu [í kvörtun], brotið gegn ákvæðum lánsamnings aðila og jafnframt gegn 19. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.“

Sóknaraðili telur varnaraðila „einkum“ hafa brotið gegn grein 5.2 í lánsamningi aðila þar sem mælt sé fyrir um að sóknaraðila sé heimilt að framlengja láninu einu sinni til eins árs með sama greiðslufyrirkomulagi, náist samkomulag um kjör lánsins. Álitur sóknaraðila að aðrir þættir en vextir og álag lánsins geti ekki fallið undir orðið „kjör“. Hafi varnaraðili breytt láninu í aðra mynt, þrátt fyrir að ekki væri myntbreytingarheimild honum til handa í samningnum. Þá telur sóknaraðili varnaraðila ekki getað litið svo á að samkomulag hafi ekki náðst um greiðslufyrirkomulag vegna endurnýjunar lánsins, þó að sóknaraðili telji sig ekki geta samþykkt þá skilmála sem varnaraðili hafi sett fyrir slíku.

Sóknaraðili kveður nefnda skilmála hvorki í samræmi við ákvæði lánsamningsins né heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti og venjur á fjármálamarkaði. Hafi varnaraðili brotið gegn 19. gr. laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki með aðgerðum sínum. Þá hafi varnaraðili ekki gætt jafnræðis meðal viðskiptavina sinna áhrærandi meðferð erlenda lána.

### IV.

#### Athugasemdir varnaraðila.

Varnaraðili vísar til þess að í byrjun október 2008 hafi orðið þau atvik í starfsumhverfi banka hérlendis að allar erlendar lánalínur hafi lokast, svo og möguleikar fjármálafyrirtækja til að verja sig fyrir áhættu vegna útlána í erlendum myntum. Hafi varnaraðili því ekki átt þess kost að endurlána fé í erlendum myntum eða endurnýja lán í erlendum myntum þegar komið var að gjalddaga þeirra.

Varnaraðili kveður sóknaraðila hafa verið tilkynnt með löngum fyrirvara að ekki yrði unnt að endurnýja lán hans í erlendri mynt á gjalddaga þess og hafi honum strax verið boðið nýtt og lengra lán í íslenskum krónum. Sóknaraðili hafi hins vegar hafnað því boði.

Varnaraðili telur að framlenging á lánsamningi vera háð samkomulagi beggja aðila um kjör framlengingar. Í því felist að allir þættir lánsamningsins þurfi að vera háðir samkomulagi, þ.m.t. mynt.

V.

Niðurstaða.

Ágreiningur aðila lýtur að ódagsettum lánsamningi þeirra þar sem sóknaraðili tók að láni hjá varnaraðila jafnvirði kr. 140.000.000 í erlendum myntum, sem greiðast skyldu til baka 5. desember 2008. Hefur sóknaraðili hafnað því að greiða skuld sína og vill framlengja lánið til eins árs í erlendri mynt eða myntum.

Málsaðilar njóta báðir aðstoðar lögmannna. Í málinu gerir sóknaraðili þá kröfu að viðurkennt verði að sóknaraðili hafi „með framgöngu sinni gagnvart sóknaraðila“ brotið gegn lánsamningi aðila og ákvæðum laga nr. 161, 2002 um fjármálafyrirtæki. Er um nefnda framgöngu varnaraðila vísað til þess sem greini „í framangreindri atvikalýsingu“. Skilja verður málalíbúnað varnaraðila svo að hann krefjist þess að kröfum sóknaraðila verði hafnað.

Samkvæmt b-lið 6. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, dagsettra 8. júní 2000, fjallar nefndin ekki um kröfur, sem ekki verða metnar til fjár. Með kröfum sínum leitast sóknaraðili við að fá viðurkenningu úrskurðarnefndarinnar á því að varnaraðili hafi brotið gegn ákvæðum lánsamnings aðila og lögum um fjármálafyrirtæki. Ekki er hins vegar krafist viðurkenningar á ætluðum rétti sóknaraðila og/eða meintum skyldum varnaraðila samkvæmt nefndum samningi eða hafðar uppi fjárkröfur á hendur varnaraðila. Við úrlausn slíkra krafna kynni hins vegar að reyna á hvort brotið hefði verið gegn ákvæðum samnings aðila eða laga um fjármálafyrirtæki, sem væri þá væntanlega hluti af málsástæðum sóknaraðila. Kröfur sóknaraðila, eins og þær eru fram settar, fela í raun í sér að verið er að óska álits úrskurðarnefndarinnar á því hvort illa tilgreind háttsemi varnaraðila standist samning aðila og lög. Er það utan verksviðs nefndarinnar að láta slíkt álit í té. Er kröfugerð sóknaraðila því ekki með þeim hætti að unnt sé meta kröfur hans til fjár.

Með vísan til framanritaðs verður ekki hjá því komist þegar af þessari ástæðu að vísa málinu frá úrskurðarnefndinni. Er þá ekki þörf á að fjalla frekar um kröfugerð sóknaraðila.

**Úrskurðarorð:**

Máli sóknaraðila, M, á hendur varnaraðila, F, er vísað frá úrskurðarnefndinni.

Reykjavík, 20. febrúar 2009.

Guðjón Ólafur Jónsson

Geir Arnar Marelsson

Grétar Grétarsson

Guðlaug Brynja Ólafsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir